BARNAVERNDARSTOFA

# Staða þekkingar á barnavernd á Íslandi

## Efnisyfirlit

1 Bakrunnur ........................................ 3

1.2 Rannsóknin ........................................ 3

1.3 Aðferðafræði ........................................ 4

1.4 Gagnaleit og úrvinnsla ........................................ 5

2 Staða þekkingar á barnavernd á Íslandi ........................................ 6

2.1 Rannsóknir á tilkynningum til barnaverndarnefnda og tilkynningaskyldunni ........................................ 6

2.1.1 Yfirlit yfir rannsóknir ........................................ 6

2.1.2 Samantekt ........................................ 15

2.2 Rannsóknir á málsmeðferð í barnaverndarmálum og réttarstöðu barna í dómsmálum ... 15

2.2.1 Yfirlit yfir rannsóknir ........................................ 16

2.2.2 Samantekt ........................................ 24

2.3 Rannsóknir á reynslu, viðhorfi og samstarfi starfsfólks í barnavernd ........................................ 24

2.3.1 Yfirlit yfir rannsóknir ........................................ 25

2.3.2 Samantekt ........................................ 37

2.4 Rannsóknir á úrræðum í barnavernd ........................................ 37

2.4.1 Yfirlit yfir rannsóknir ........................................ 38

2.4.2 Samantekt ........................................ 46

2.5. Rannsóknir um líðan og upplifun á afskiptum barnaverndarnefnda ........................................ 46

2.5.1 Yfirlit yfir rannsóknir ........................................ 47

2.5.2 Samantekt ........................................ 50

3. Lokaorð ........................................ 50

4. Heimildir ........................................ 51

## 1 Bakrunnur

Samantekt á stöðu þekkingar á barnavernd er óþekkt hér á landi og hefur ekki verið rannsökuð áður. Talsvert hefur verið unnið af rannsóknum á starfi barnaverndar auk fjölda nemendaritgerða og er þar tekið á fjölbreyttum viðfangsefnum s.s. ofbeldi, vanrækslu og áhættuþáttum, starfsaðferðum og líðan barnaverndarstarfsmanna, þróun löggjafar og ytra umhverfis, árangri úrræða, viðhorfum og líðan barna og fjölskyldna þeirra og niðurstöðu mála. Markmið þessa verkefnis er að taka saman yfirlit yfir stöðu þekkingar sem er til staðar um barnavernd á Íslandi og um leið auðvelda aðgengi starfsfólks í barnavernd að rannsóknarniðurstöðum sem gætu nýst þeim í starfi.

Tilkynningum til barnaverndarnefnda hefur fjölgað árlega en á árinu 2019 voru þær rúmlega 11.000 (Barnaverndarstofa, 2020). Skv. flokkunarkerfi tilkynninga í barnavernd þá flokkast tilkynningar í eftirfarandi aðalflokka: Vanræksla á börnum, ofbeldi gagnvart börnum, áhættuhegðun barna og tilkynningar er varða heilsu og líf ófædds barns. Hefur tilkynningum vegna vanrækslu og ofbeldis fjölgað mest undanfarin ár.

Starfsfólk í barnavernd vinnur margbreytilegt, gefandi en krefjandi starf, og sjaldan gefst tími til leita að rannsóknum og greinum í annasömum verkum. Þekking, reynsla og vinnulag starfsfólks í barnavernd eru helstu verkfæri barnaverndar og stöðug endurskoðun og endurmat á árangri og vinnuaðferðum er nauðsynleg og er grundvallarforsenda fyrir öflugu barnaverndarstarfi. Mikil áhersla er nú lögð á gagnreynd vinnubrögð, þ.e. að úrlausnir og úrræði byggi á niðurstöðum rannsókna sem sýni með skýrum hætti fram á að þau séu árangursrík. Slíkt er afar mikilvægt í barnaverndarstarfi þar sem um líf, heilsu, velferð og framtíð barna er í húfi. Viðfangsefni og úrræði taka örum breytingum og því er mjög mikilvægt að nýrri þekkingu sé miðlað til starfsfólks í barnavernd og að greiður aðgangur sé að fyrirliggjandi rannsóknum.

### 1.2 Rannsóknin

Markmið þessa verkefnis er að taka saman yfirlit yfir stöðu þekkingar á barnavernd á Íslandi og þannig veita starfsfólki í barnavernd greiðari aðgang að rannsóknarniðurstöðum sem þeir geta nýtt í starfi sínu. Rannsóknir í barnavernd á Íslandi eru unnar af fjölbreyttum hópi fræðafólks, oftast á sviði félagsráðgjafar eða lögfræði en einnig úr öðrum greinum s.s. á félags- og

menntavísindasviði. Rannsóknir þeirra auk rannsókna á meistarastigi hafa meðal annars beinst að ofbeldi, vanrækslu, áhættuþáttum, starfsaðferðum, líðan starfsfólks, viðhorfum barna, þróun löggjafar ásamt árangri úrræða. Rannsóknarspurningum sem leitað verður svara við í þessari rannsókn eru eftirfarandi:

Hvaða þekking liggur fyrir á barnaverndarstarfi á Íslandi?

Hvaða viðfangsefni er helst verið að rannsaka?

Leitað var á íslensku að ritrýndum greinum, skýrslum, rannsóknum og meistararitgerðum sem fjalla um barnavernd og hafa verið í tíð núgildandi barnaverndarlaga, það er frá árinu 2002. Verkið er ekki tæmandi og var afmarkað við rannsóknir sem hafa beina tengingu við störf barnaverndarnefnda er varða málsmeðferð. Rannsóknir sem fjalla almennt um til dæmis ofbeldi, vanrækslu og afleiðingar eru undanskildar. Nokkuð var um að meistararitgerðir sem tengdust barnaverndarnefndum væru ekki aðgengilegar, þ.e. læstar vegna þess að verið er að fjalla um viðkvæm málefni, og því ekki hægt að skoða eða greina innihald þeirra.

Hagnýtt gildi rannsóknarinnar er að auðvelda leit á efni sem til er um barnavernd á Íslandi. Nýsköpunargildið er að sýna fram á hvaða málefni það eru sem hafa verið rannsökuð, sem þá um leið gefur upplýsingar um hvaða málefni mætti rannsaka frekar eða hafa ekki verið rannsökuð. Slík rannsókn hefur ekki verið unnin áður hérlendis en slíkar rannsóknir  eru unnar nokkuð reglulega í nágrannalöndum okkar þar sem meiri áhersla hefur verið lögð á rannsóknir á sviði barnaverndar en hér hefur verið gert.

Stjórnendur verkefnisins eru Páll Ólafsson fyrir hönd Barnaverndarstofu og Anni G. Haugen fyrir Háskóla Íslands. Rósa Huld Sigurðardóttir meistaranemi í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands vann verkið undir handleiðslu stjórnenda og Höllu Bjarkar Marteinsdóttur sérfræðings á Barnaverndarstofu sem aðstoðaði við lokafrágang verkefnisins.

## 1.3 Aðferðafræði

Hér er hefðbundin rannsókn á stöðu þekkingar (literature review) notuð, sem er gagnrýnin könnun sem reynir að meta og túlka öll tiltæk rannsóknargögn sem máli skipta fyrir tiltekið efni (Glasziou, 2001). Aðferðum innhaldsgreiningar (content analysis) var beitt á ritrýnd efni og meistararitgerðir frá háskólum á Íslandi um málefni tengd barnavernd á Íslandi. Með

innihaldsgreiningu er fjöldi rannsókna um tiltekin efni skráð niður. Í þessari rannsókn verður tekið mið að því sem barnaverndarlögin frá árinu 2002 skilgreina sem barnaverndarmál og greinar, rannsóknir og ritgerðir sem falla undir þá skilgreiningu skoðuð. Fjölmargar rannsóknir voru skoðaðar en hér verður fjallað um 82 rannsóknir, þar af 61 meistararitgerð frá árunum 2004 -2020 . Lesið var yfir hverja fræðigrein eða rannsókn og stutt ágrip af þeim sett fram til að sýna hvaða rannsóknaraðferð var beitt, hvert markmið rannsóknanna er, helstu niðurstöður og lykilorð.

## 1.4 Gagnaleit og úrvinnsla

Leitað var að greinum og ritgerðum að mestu á veraldarvefnum; á vefsíðum Proquest.com, Leitir.is, Skemman.is og Hirsla.is sem leiddi rannsakanda meðal annars á tímarit félagsráðgjafa, hjúkrunarfræðinga, sálfræðifélagsins og læknablaðsins. Meistararitgerðir sem voru skoðaðar komu frá öllum háskólum á Íslandi, frá fjölbreyttum deildum og sviðum; félagsráðgjöf, mannfræði, lögfræði, heilbrigðissviði og kennslusviði. Flestar ritgerðir komu þó frá Háskóla Íslands og úr félagsráðgjafardeild og lögfræðideild. Leitarorð sem notað voru við leitina voru; barnaverndarnefnd, barnavernd, barnaverndarstarfsmaður, barnaverndarlög, vanræksla, ofbeldi, tilkynningar og úrræði.

Öllu efni var halað niður og sett upp skipulega í skrár sem voru merktar til að auðvelda yfirferð á efninu og að lokum sett upp í flokka eftir megininnihaldi þess. Lesið var yfir allt efni og verk sem ekki féllu undir skilgreiningu verkefnisins voru fjarlægð. Markmið og helstu niðurstöður voru skráðar niður og voru lykilorð jafnframt rituð til að gera grein fyrir innihaldi, auðvelda leit og setja í rétta málaflokka. Sumar greinar og ritgerðir innhalda mismunandi málaflokka eins og barnavernd, barnaverndarstarfsmann, tilkynningar, úrræði og samstarf og var það skoðun rannsakenda að ákveða hvar staðsetja ætti verkið. Sú aðferð gæti valdið ónámkvæmni í rannsókninni vegna mismunandi áherslumunar á meginatriði rannsóknanna. Fleiri rannsóknir sem falla undir skilgreiningu þessarar rannsóknar gætu verið til en fundust ekki við leit og getur það jafnframt leitt til ónámkvæmi.

## 2 Staða þekkingar á barnavernd á Íslandi

Barnaverndarnefndir á Íslandi eru 27 talsins. Þær vinna samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002. Í lögunum kemur fram hver réttindi barna eru og skyldur foreldra þeirra við þau og samkvæmt barnaverndarlögunum eiga öll börn rétt á vernd og umönnun og þeim á að vera sýnd virðing og veitt umhyggja. Barnaverndarlögin eiga jafnframt að tryggja að börn sem búa við óviðeigandi aðstæður eða stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð frá barnaverndarnefndunum á Íslandi.

### 2.1 Rannsóknir á tilkynningum til barnaverndarnefnda og tilkynningaskyldunni

„Öllum er skylt að tilkynna til barnaverndarnefndar ef þeir hafa ástæðu til að ætla að barn:
a. búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, b. verði fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi eða c. stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu. Þá er hverjum manni skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart ef ástæða er til að ætla að heilsu eða lífi ófædds barns sé stefnt í hættu með óviðunandi eða háskalegu líferni þungaðrar konu, t.d. með ofneyslu áfengis eða fíkniefnaneyslu, eða með því að þunguð kona er beitt ofbeldi í, eða um hvert það tilvik sem telja má að barnaverndarnefnd eigi að láta sig varða (barnaverndarlög nr. 80/2002). Samkvæmt sömu lögum hefur tilkynningaskylda meira vægi en trúnaðarskylda og getur afskiptaleysi vegna tilkynningar á broti gegn barni varðað sekt eða tveggja ára fangelsisvist (Barnaverndarlög nr. 80/2002 og Áslaug Heiða Gunnarsdóttir, 2010).

#### 2.1.1 Yfirlit yfir rannsóknir

Í þessum kafla eru rannsóknir sem fjalla um ástæður tilkynninga, fjölda tilkynninga, ákvarðanatöku varðandi tilkynningar og úrræði. Þá er hér einnig fjallað um tilkynningaskyldu til barnaverndarnefnda samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002.

**Tilkynningar sem fóru í könnun árin 2012–2016 hjá Barnavernd Reykjavíkur (Dagný Baldursdóttir, 2017).**

Tegund: Meistararitgerð. Megindleg rannsókn, fyrirliggjandi gögn notuð frá barnavernd Reykjavíkur.

Markmið: Að skoða hvaða tilkynningar fóru í könnun hjá Barnavernd Reykjavíkur á árunum 2012–2016, hvort breytingar hefðu orðið á eðli málanna og hvort þau væru frábrugðin málum sem ekki voru könnuð.
Niðurstöður: Tilkynningum til barnaverndar Reykjavíkur fór fjölgandi ár frá ári. Algengasta ástæða tilkynninga var vanræksla og var jafnframt sú tilkynning sem fór helst í könnun. Frekar var tilkynnt um aðstæður yngri barna og barna hjá einstæðum mæðrum. Tilkynningar um áhættuhegðun barna fóru síst í könnun.
Lykilorð: Barnavernd, tilkynningar, ofbeldi, vanræksla, áhættuhegðun, könnun máls.

**Samstarf leikskólakennara og barnaverndarstarfsmanna á Akureyri. Upplifun og væntingar. (Katrín Reimarsdóttir, 2016).**
Tegund: Meistararitgerð. Eigindleg rannsókn. Sjö þátttakendur, fjórir leikskólakennarar og þrír barnaverndarstarfsmenn.
Markmið: Skoða samstarf leikskólakennara og barnaverndarstarfsmanna á Akureyri. Kanna upplifun og væntingar á samstarfi milli þeirra.
Niðurstöður: Efla má samstarfið. Nánd við foreldra og vilji leikskólastjóra til að leiðbeina foreldrum er meginástæða fárra tilkynninga frá leikskóla til barnaverndarnefndar. Upplifun á vanþekkingu og óöryggi leikskólastjóra og skortur á fræðslu. Samstarfi ábótavant. Lítið upplýsingaflæði frá barnaverndarnefndum til leikskólakennara.
Lykilorð: Barnavernd, leikskólar, samstarf, fræðsla, tilkynningar.

**Afdrif foreldra sem hafa verið tilkynntir til barnaverndar vegna vímuefnaneyslu. (Elísa Óðinsdóttir, 2016).**
Tegund: Meistararitgerð. Megindlegar rannsóknaraðferðir ásamt aðgangi að málaskrám Barnaverndar Reykjavíkur. Staðlaður spurningalisti var lagður fyrir þátttakendur í gegnum síma og var svarhlutfall 32,6% eða 14 foreldrar af 43.
Markmið: Kanna afdrif foreldra sem höfðu verið tilkynntir til Barnaverndar Reykjavíkur árið 2010 vegna vímuefnaneyslu. Kanna núverandi stöðu foreldra og barna þeirra varðandi lífsgæði og virkni með tilliti til úrvinnslu Barnaverndar Reykjavíkur og bata frá vímuefnavanda.

Niðurstöður: Erfitt að ná í stóran hlut foreldranna en flestir töldu lífsgæðin vera betri í dag, fannst þeir ekki hafa átt við vandamál að stríða þegar tilkynnt var um aðstæður barna þeirra. Fáir töldu sig hafa fengið aðstoð við að komast í vímuefnameðferð.
Lykilorð: Tilkynningar, barnavernd, vímuefni, afdrif foreldra, börn.

**Börn vímuefnaneytenda: Barnaverndartilkynningar í Hafnarfirði (Steinunn Hrafnsdóttir og Drífa Andrésardóttir, 2015).**
Tegund: Megindlega rannsókn á barnaverndartilkynningum. Innihaldsgreining á barnaverndartilkynningum til barnaverndar Hafnarfjarðar á árunum 2010 og 2011. 151 tilkynning um 122 börn.
Markmið: Kanna hversu hátt hlutfall tilkynninga til Barnaverndar Hafnarfjarðar tengjast vímuefnaneyslu foreldra og viðbrögð barnaverndarnefnda við slíkum málum. Kanna hver eru einkenni barnanna og foreldranna og sjá hverjir tilkynna málin til barnaverndar Hafnarfjarðar.
Niðurstöður: Rúmur helmingur tilkynninga, eða 55%, tengdust vímuefnavanda foreldra og náðu til 49% barnanna. Hefðbundin úrræði barnaverndarnefnda notaðar. Tilkynningar komu helst frá heilbrigðisstarfsmönnum og lögreglu.
Lykilorð: Barnavernd, tilkynningar, vímuefnavandi foreldra.

**„Uppeldi er stórmálið stærsta“: reynsla leikskólastjóra af tilkynningum til barnaverndar. (Linda Hrönn Þórisdóttir, 2015).**
Tegund: Meistararitgerð. Eigindleg viðtöl við átta leikskólastjóra auk tveggja fimma manna rýnihópa með leikskólakennurum.
Markmið: Kanna hvaða reynslu leikskólastjórar hafa af tilkynningum til barnaverndar. Fá vitneskju um hvað veldur því að fáar tilkynningar berast til barnaverndar frá leikskólum. Fá upplýsingar um til hvaða ráðstafanna þarf að grípa til að leikskólar tilkynni oftar.
Niðurstöður: Mismikil reynsla af barnaverndarmálum. Erfitt að meta málin. Þekking starfsmanna á barnaverndarmálum er takmörkuð, bæta þarf þá ímynd sem barnaverndarnefndir hafa og kynna starfsemi þeirra út á við.
Lykilorð: barnavernd, tilkynningar, leikskólar, fræðsla, reynsluleysi, óöryggi.

**Börn vímuefnaneytenda: Barnaverndartilkynningar í Reykjanesbæ. (Ása Margrét Helgadóttir, 2014).**

Tegund: Meistararitgerð. Megindleg Innihaldsgreining með gátlista á fyrirliggjandi gögnum á tveimur tímabilum árin 2012 og 2013. 195 tilkynningar um 188 börn.

Markmið: Kanna hversu hátt hlutfall tilkynninga til Barnaverndar Reykjanesbæjar varðar mál þar sem vímuefnaneysla foreldra er til staðar og hverjir það eru sem tilkynna í þeim málum. Kanna jafnframt hvaða úrræði barnavernd notar í slíkum málum. Kanna bakgrunn barna og foreldra sem tilkynnt er um.

Niðurstöður: Vímuefnaneysla foreldra reyndist vera til staðar í 33% tilkynninga sem bárust til Barnaverndar Reykjanesbæjar. Fjöldi barna sem tilkynnt var um vegna vímuefnaneyslu foreldra var 37% eða 44 börn. Oftast voru notað úrræði í formi stuðningsfjölskyldu eða tilsjónar og foreldrar aðstoðaðir við að leita sér meðferðar. Flestar tilkynningar komu frá lögreglu eða ættingjum.

Lykilorð: Börn, barnavernd, vímuefnaneysla foreldra, tilkynningar.

**“Ég held hún gæti verið betri” Samvinna barnaverndaryfirvalda og ungbarnaverndar. (Ólafía Helgadóttir, 2014).**

Tegund: Meistararitgerð. Blönduð aðferð. Viðtöl við sex viðmælendur og innihaldsgreining á fyrirliggjandi gögnum.

Markmið: Fá innsýn í samskipti milli barnaverndarnefnda og ungbarnaverndar. Viðhorf starfsmanna til samstarfs. Kanna ástæðu barnaverndartilkynninga frá ungbarnaeftirliti og hvort og þá hvaða hindranir eru fyrir samstarfi.

Niðurstöður: Lítil samvinna er á milli barnaverndarnefnda og ungbarnaeftirlits. Ungbarnaeftirlit veitir upplýsingar vegna könnunar máls, en þörf á aukinni samvinnu. Fáar tilkynningar berast til barnaverndar frá ungbarnaeftirliti.

Lykilorð: Barnavernd, barnaverndarstarfsmenn, ungbarnavernd, samstarf, tilkynningar.

**Fósturbörn og afbrot. Hversu hátt hlutfall fósturbarna leiðist út í afbrot. (Freydís Aðalsteinsdóttir, 2014).**

Tegund: Meistararitgerð. Eigindleg innihaldsgreining, afturvirk rannsókn. Börn fædd á árunum 1987 – 1997 og tilkynningar sem bárust á árunum 2002 – 2012. 344 börn höfðu upplifað afskipti barnaverndar Reykjavíkur.

Markmið: Að varpa ljósi á afdrif barna sem hafa verið sett í varanlegt fóstur. Skoðað var hvort tilkynningar um áhættuhegðun hafi borist til Barnaverndar Reykjavíkur vegna barna sem voru í varanlegu fóstri. Þannig var metið hversu hátt hlutfall fósturbarna leiðist út í afbrot.

Niðurstöður: Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að flestar tilkynningar sem bárust Barnavernd Reykjavíkur á þessum árum varða áhættuhegðun barnanna. Flestar tilkynningar voru vegna afbrots barns og að barn stefni eigin heilsu og þroska í hættu. Meðal fósturbarna höfðu 19% verið tilkynnt til barnaverndaryfirvalda fyrir að fremja afbrot. Hlutfallið var hærra meðal barna sem barnaverndarafskipti voru af en fóru ekki í fóstur eða 26%. Marktækur munur var á milli hópanna. Tilkynning um að barn stefni eigin heilsu og þroska í hættu bárust um 41% barna sem barnaverndarafskipti voru af en fóru ekki í fóstur, samanborið við 25% fósturbarna. Marktækur munur var á fjölda tilkynninga milli hópanna. Því er ljóst að börn sem barnaverndarafskipti hafa verið af vegna alvarlegs misbrests í aðbúnaði og/eða vegna alvarlegrar áhættuhegðunar standa verr að vígi heldur en börn sem barnaverndarafskipti hafa verið af vegna sömu þátta en hafa verið sett í varanlegt fóstur.

Lykilorð: Barnavernd, tilkynningar, áhættuhegðun, úrræði.

**Börnum rétt hjálparhönd. Rannsókn á aðgerðum barnaverndar vegna barna sem bíða tjón af áfengis- eða vímuefnaneyslu foreldra. (Hildigunnur Ólafsdóttir og Kristný Steingrímsdóttir, 2013).**

Tegund: Rannsókn á vegum Velferðarráðuneytisins. Hentugleikaúrtak þar sem tekið var úrtak úr öllum tilkynningum sem bárust Barnavernd Reykjavíkur á tveimur tímabilum. Fyrra tímabilið var frá september til nóvember 2010 og hið seinna frá febrúar til apríl 2011, samtals sex mánuðir.

Markmið: Rannsóknin hefur það markmið að kanna hversu hátt hlutfall barna sem barnaverndin hefur afskipti af hefur orðið fyrir tjóni af völdum neyslu foreldra á áfengi, ólöglegum vímuefnum eða lyfjum. Einnig var kannað hvað einkennir þennan hóp barna og foreldra þeirra. Enn fremur er markmiðið að kanna hverjir tilkynna um neysluvandann til barnaverndarinnar og hver viðbrögð og úrræði hennar eru.
Niðurstöður: 31% allra tilkynninga til barnaverndar Reykjavíkur á fyrrnefndu tímabili var vegna neysluvanda foreldra. Ástæður tilkynninga voru langoftast vegna vanrækslu, þá tilfinningalegt ofbeldi og svo heimilisofbeldi. Meirihluti tilkynninga var vegna neysluvanda mæðranna og voru aðstæður ungra barna og barna af erlendum uppruna oftar tilkynntar.
Lykilorð: Vímuefnanotkun foreldra, barnavernd, börn, ofbeldi, tilkynningar, úrræði.

**Barnaverndartilkynningar sem fela í sér líkamlegt ofbeldi gagnvart börnum og ofbeldi sem börn verða vitni að. (Þóra Árnadóttir, 2013).**
Tegund: Meistararitgerð. Innihaldsgreining á helmingi allra tilkynninga sem bárust Barnavernd Reykjavíkur árið 2012 sem fólu í sér líkamlegt ofbeldi gagnvart börnum af völdum foreldra annars vegar og ofbeldi sem börn urðu vitni að milli foreldra hins vegar.
Markmið: Gera grein fyrir eðli og umfangi líkamlegs ofbeldis gangvart börnum af hendi foreldra og ofbeldi sem börn verða vitni að.
Niðurstöður: Yngri börn í meiri hættu að verða vitni af ofbeldi. Í flestum tilvikum var gerandi karl. Í þriðjungi tilfella var gerandi af erlendum uppruna. Barnavernd Reykjavíkur tilkynnti aldrei til lögreglu ef barn var vitni af ofbeldi og einungis í 14% tilfella þegar barn var beitt líkamlegu ofbeldi. Börn af erlendum uppruna í mestri hættu á að verða fyrir líkamlegu ofbeldi.
Lykilorð: Barnavernd, tilkynningar, ofbeldi, vitni af ofbeldi, börn af erlendum uppruna.

**Skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd. Mat á flokkun tilkynninga hjá Barnavernd Reykjavíkur. (Kristný Steingrímsdóttir, 2012).**
Tegund: Meistararitgerð. Eigindleg innihaldsgreining á tilkynningum sem bárust Barnavernd Reykjavíkur á mánaðartímabili. 448 tilkynningar greindar sem vörðuðu 355 börn.

Markmið: Skoða uppruna, þróun, notkun og mikilvægi skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd (SOF). Meta hvernig SOF hentar í daglegri vinnslu barnaverndarmála.
Niðurstöður: 82% tilkynninga rétt skráðar, aðrar lentu í röngum flokkum eða á gráu svæði. Rætt um þætti sem mætti taka til umhugsunar í skilgreininga- og flokkunarkerfi barnaverndar.
Lykilorð: SOF, barnavernd, barnaverndarstarfsmaður, skilgreining, flokkun, vinnsla.

**„Það þarf að hugsa um hver er hagur barnsins". Viðtalsrannsókn við sex leikskólastjóra um reynslu þeirra af tilkynningum til barnaverndar. (Sigrún Finnsdóttir, 2012).**
Tegund: Meistararitgerð. Eigindleg viðtalsrannsókn við sex leikskólastjóra sem höfðu yfir 10 ára starfsreynslu.
Markmið: Að öðlast frekari skilning á því hvaða ástæður valda því að hlutfallslega fáar tilkynningar berast frá leikskólum til barnaverndaryfirvalda. Hver reynsla leikskólastjóra væri af tilkynningum. Öryggi og þekking starfsfólks leikskólans á einkennum ofbeldis.
Niðurstöður: Ástæða fárra tilkynninga til barnavernda er nánd við foreldra og skortur á samstarfi við barnaverndarnefndir. Samstarf og samband við barnavernd er nokkuð gott. Skortur á upplýsingum um tilkynnt mál skapar óöryggi hjá starfsmönnum en þeir óskuðu eftir því að fá upplýsingar um hvort mál væru opin, í vinnslu eða lokið. Ósk eftir ráðgjafa frá barnavernd með fræðslu og til að byggja upp traust.
Lykilorð: Barnavernd, leikskólar, tilkynningar, ofbeldi, vanræksla, upplýsingaskortur, samstarf.

**Að bera kennsl á kynferðisofbeldi hjá börnum á leikskólaaldri. Hvernig taka leikskólastjórar á málefninu í starfi? (Vigdís Guðmundsdóttir, 2010).**
Tegund: Meistararitgerð. Eigindleg og megindleg rannsóknaraðferð. Viðtöl við fjóra leikskólastjóra ásamt gátlista fyrir 85 starfsmenn á sömu leikskólum.
Markmið: Að skoða hverjar starfsaðferðir væru þegar grunur vaknar um að barn á leikskóla hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi. Hafa lífsgildi og stjórnunarstíll leikskólastjóra áhrif á hvernig tekið er á málum þar sem grunur um kynferðislegt ofbeldi vaknar?
Niðurstöður: Skýrar reglur hjá leikskólastjórum um hvað ætti að gera þegar grunur um kynferðislegt ofbeldi vaknaði og töldu þeir ábyrgðina vera hjá sér til að taka á málinu.

Leikskólastjórarnir töldu gildi og stjórnunarstíla sína hafa áhrif á hvernig þeir tækjust á við þessi mál. Niðurstöður sýndu að marktækur munur var á grunnþekkingu starfsfólks á kynferðisofbeldi eftir því hvort leikskólarnir gáfu sig út fyrir að hafa sérþekkingu á málefninu eða ekki.
Lykilorð: Kynferðisofbeldi, barnavernd, leikskóli, starfsaðferðir, þekking, tilkynningar

**Tilkynningarskylda samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002. (Áslaug Heiða Gunnarsdóttir, 2010).**
Tegund: Meistararitgerð. Megindleg rannsókn, innihaldslýsing á fyrirliggjandi gögnum um tíðni og tegund tilkynninga til barnaverndarnefnda á Íslandi árin 2005 til 2009 auk fyrstu níu mánuði ársins 2010. Barnaverndarlögin nr. 80/2002.
Markmið: Skoða lagaumhverfi með tilliti til tilkynningaskyldu á alla landsmenn. Skoða regluna um nafnleynd tilkynnenda og trúnaðarskyldu fagaðila. Greina frá fjölda tilkynninga árin 2005 – 2010 auk fyrstu níu mánuði ársins 2010 og frá hverjum þær berast. Skoða skýringar á því hvers vegna ekki er tilkynnt.
Niðurstöður: Tilkynningar frá almenningi og opinberum aðilum gegna stóru hlutverki í barnavernd á Íslandi. Tilkynningaskylda hefur meira vægi en trúnaðarskylda einstakra starfsstétta.
Lykilorð: Barnavernd, barnaverndarlögin, tilkynningaskylda.

**Rannsókn á ofbeldi gegn konum: Lögreglan. (Ingólfur V. Gíslason, 2010).**
Tegund: Rannsóknin er hluti af aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar. Skoðuð voru 993 mál sem voru tilkynnt til lögreglu á árunum 2006 og 2007 og flokkuðust undir ofbeldi eða ágreining milli skyldra og tengdra.
Markmið: Skoða skráningu hjá lögreglu á ofbeldismálum karla gegn konum.
Niðurstöður: Ítrekanir fátíðar, 87% þolenda koma einu sinni við sögu. Í þriðjungi mála hafði gerandi þó beitt ofbeldi áður. Gerendur einnig kærðir fyrir annars konar brot. Lögregla skráir ofbeldið í heimilisofbeldi ekki ofbeldi í nánum samböndum. Þolendur þora ekki að kæra, túlkaþjónusta hjá lögreglu góð, mörg málanna eiga takmarkað erindi við lögreglu, þörf á nánara samstarfi lögreglu og félagsþjónustu.

Lykilorð: Heimilisofbeldi, börn, tilkynningar, barnavernd, lögreglan, skráning.

**Rannsókn á ofbeldi gegn konum. Viðbrögð félagsþjónustu og barnaverndar (Anni G. Haugen, 2009).**

Tegund: Rannsókn sem hluti af aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar. Eigindleg, viðtalsrannsókn við yfirmenn félags- og velferðarþjónustu og barnaverndar sem níu sveitarfélaga tóku þátt í.
Markmið: Fá yfirlit yfir hver viðbrögð félagsþjónustu og barnaverndar eru þegar kona leitar aðstoðar vegna heimilisofbeldis og fá hugmyndir til úrbóta á þjónustunni.
Niðurstöður: Skráningu ábótavant, börn helsta ástæða tilkynninga og oftast ástæða þess að óskað er eftir hjálp, takmarkaðar upplýsingar um ofbeldi gegn viðkvæmum hópum eins og konum af erlendum uppruna. Aukning á andlegu ofbeldi, þörf á aukinni þekkingu og fræðslu til starfsmanna barnaverndar og félagsþjónustu.
Lykilorð: Barnavernd, barnaverndarstarfsmaður, ofbeldi, tilkynningar, þekking, úrræði, fræðsla.

**Fjölgun barnaverndartilkynninga 2005 -2009. (Halldór Sigurður Guðmundsson, 2009).**

Tegund: Árið 2009 leitaði félags- og tryggingamálaráðuneytið til Rannsóknastofnunnar í barna- og fjölskylduvernd (RBF), vegna beiðni velferðarvaktarinnar um athugun á fjölgun tilkynninga til barnaverndarnefnda. . Athugun á fyrirliggjandi upplýsingum og tölum frá Barnaverndarstofu. Tímabil 2005 -2009.
Markmið: Að kanna ástæðu verulegrar aukningar tilkynninga til barnaverndarnefnda á fyrri hluta árs 2009 samanborið við árið á undan. Beiðnin var tilkomin í kjölfar upplýsinga frá Barnaverndarstofu (BVS) og Barnaverndar Reykjavíkur um verulega aukningu tilkynninga til barnaverndar auk umræðu og ályktana fjölmiðla í þá veru að aukningin tengdist áföllum í efnahagslífi og atvinnuleysi.
Niðurstöður: Ekki talið að efnahagskreppan sé ástæða aukningarinnar. Langtíma atvinnuleysi hefur neikvæð áhrif á börn. Þörf á að skoða fleiri þætti sem gætu skýrt þessa fjölgun tilkynninga.
Lykilorð: Barnavernd, tilkynningar, efnahagskreppa.

**Barnaverndarmál. Skilgreining og samanburður við nágrannalönd. (Guðrún Kristinsdóttir, Freydís J. Freysteinsdóttir, Guðrún Frímannsdóttir, Gunnar M. Sandholt, Hrefna Friðriksdóttir og Ólöf Finnsdóttir, 2004).**

Tegund: Norræn samanburðarrannsókn.

Markmið: Að skilgreina hugtakið barnaverndarmál og skoða samanburð við nágrannalönd með tilliti til almennar skipan barnaverndar, heimildir og skyldur yfirvalda, tilkynningaskyldu til barnaverndar og mörk á milli stuðnings- og þvingunarmála.

Niðurstöður: Eðlismunur er á stuðningsmálum og formlegum barnaverndarmálum. Með stuðningsmálum er átt við mál þar sem foreldrar leita sjálfir eftir aðstoð vegna til dæmis afbrota eða vímuefnaneyslu barna sinna. Með formlegum barnaverndarmálum er vísað til þeirra mála þar sem vafi leikur á um hæfi foreldra eða grunur er um refsivert athæfi þeirra gagnvart börnum sínum.

Lykilorð: Barnaverndarmál, samanburður milli landa, skilgreining hugtaks,

### 2.1.2 Samantekt

Hér hafa verið kynntar 18 rannsóknir, þar af 12 meistararitgerðir, og fjalla þær um tilkynningar til barnaverndarnefnda og tilkynningaskylduna. Þessar rannsóknir taka á ýmsum þáttum svo sem ofbeldi gegn konum, ástæðum fyrir fjölgun tilkynninga , einkennum tilkynninga sem fóru í könnun og flokkun tilkynninga. Þá fjalla sumar rannsóknirnar sérstaklega um tilkynningar er varða áfengis og/eða vímuefnaneyslu foreldra. Þá er fjallað um reynslu leikskólastjóra og ungbarnaverndar af tilkynningum til barnaverndarnefnda. Rannsóknirnar voru gerðar á tímabilinu 2004 til 2017.

## 2.2 Rannsóknir á málsmeðferð í barnaverndarmálum og réttarstöðu barna í dómsmálum

Samkvæmt 21. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 þarf barnaverndarnefnd að taka afstöðu til þess án tafar, og eigi síðar en innan sjö daga frá því henni barst tilkynning eða upplýsingar, hvort ástæða sé til að hefja könnun á málinu.

Markmið með könnun er að afla upplýsinga um aðstæður og hagi barns, líkamlegt og andlegt, tengsl við foreldra, hagi foreldra og hegðun og líðan og að lokum eru tillögur að úrræðum settar

fram (barnaverndarlög nr. 80/2020). Þegar könnun er lokið og leitað er viðeigandi úrræða þarf að hafa hagsmuni og réttindi barns í fyrirrúmi. Barn sem náð hefur 15 ára aldri er aðili barnaverndarmáls og hefur það rétt á að tjá sig um sitt mál og taka skal réttmætt tillit til skoðana þess við úrlausn máls (barnaverndarlög nr. 80/2002).

### 2.2.1 Yfirlit yfir rannsóknir

Í þessum kafla verður fjallað um rannsóknir sem snerta málsmeðferðir barnaverndarmála á Íslandi, barnaverndarlög nr. 80/2020 og réttarstöðu barna í dómsmálum.

**Þátttaka barna í viðtölum hjá barnavernd. Réttindi og stefna. (Anný Rós Ævarsdóttir, 2018).**
Tegund: Meistararitgerð. Megindleg rannsóknaraðferð. Innihaldsgreining úr fyrirliggjandi gögnum sem voru dagálar, greinagerðir og stefnur sveitarfélagsins. Nafn sveitarfélags kemur ekki fram vegna persónuverndar. Rannsaka þátttöku sex til sextán ára barna í viðtölum hjá barnavernd X árin 2010 og 2018.
Markmið: Kanna hvort barnaverndarstarfsmenn vinna samkvæmt samtíma hugmyndum um réttindi og þátttöku barna þegar unnið er með fjölskyldum þeirra. Kanna virka þátttöku barna innan barnaverndar. Kanna hvort stefna sveitarfélagsins sé til þess fallinn að börn séu virkir þátttakendur.
Niðurstöður: Stefna sveitarfélagsins virtist einblína á forsjáraðila barns og að eiga gott samstarf við þá árið 2010. Árið 2018 var stefnu sveitarfélagsins beint að sjónarmiðum barns og skoðunum þess. Þátttaka barna hefur aukist síðustu ár í sínum málum. Ekki eru börnin þó virkir þátttakendur í ferli barnaverndarmálanna. Jafnframt þarf að gera betur til þess að uppfylla lagalegar og siðferðislegar kröfur er varða þátttöku barna í málefnum þeirra og ræða meira við þau.
Lykilorð: Barnavernd, hagsmunir barns, þátttaka barns, stefna, viðtöl.

**Forsjársviptingar í barnaverndarmálum. Með hagsmuni barns að leiðarljósi. (Thelma Hrund Guðjónsdóttir, 2016).**

Tegund: Meistararitgerð. Eigindleg innihaldsgreining á öllum birtum héraðsdómum og Hæstaréttardómum í forsjársviptingarmálum árin 2008 til 2015.

Markmið: Kanna helstu ástæður forsjársviptingu 2008 – 2015. Kanna á hvern hátt hagsmunir barns eru hafðir að leiðarljósi í málsmeðferð í samræmi við ákvæði barnaverndarlaga um réttindi barns. Hagnýtt gildi að opna umræðu um aðstæður og málefni barna í forsjársviptingarmálum og auka skilning á því hvaða áhrif forsjársviptingar geta haft á börn.

Niðurstöður: Helstu ástæður fyrir forsjársviptinga voru áfengis eða vímuefnanotkun foreldra eða í 40,7% tilvika. Meðaltími málsmeðferða frá upphafi barnaverndarmáls til forsjársviptinga á Íslandi er fjögur ár. Hagsmunir barns voru hafir að leiðarljósi í málsmeðferð en ekki var mikið um þátttöku barna þó hún hafi aukist síðustu ár.

Lykilorð: Forsjársvipting, barnavernd, barnaverndarlög, þátttaka, hagsmunir, vernd.

**Í upphafi skyldi endinn skoða. Heimildir og skyldur barnaverndarnefnda til afskipta af ófæddum börnum á grundvelli barnaverndarlaga nr. 80/2002. (Vaka Hafþórsdóttir, 2015).**

Tegund: Meistararitgerð. Barnaverndarlög, skyldur barnaverndarnefnda.

Markmið: Rannsaka hverjar heimildir og skyldur barnaverndarnefnda til afskipta af ófæddum börnum eru. Kanna hvað barnaverndarnefndir á Íslandi geti gert þegar þunguð kona stofnar heilsu og lífi ófædds barns síns í hættu og hversu langt geta barnaverndarnefndir gengið í úrræðum sínum án þess að brjóta gegn friðhelgi einkalífs hinnar þunguðu konu.

Niðurstöður: Mikil togstreita er á milli friðhelgi einkalífs eins og henni er lýst í stjórnarskránni og réttarvernd ófæddra barna eins og hún birtist í lögum. Ríkið getur með öflugum hætti stjórnar hegðun konunnar á meðgöngu. Löggjöfin telur öryggi og velferð ófæddra barna að ákveðnu leyti mikilvægari en sjálfsákvörðunarréttur þungaðra kvenna en ekki er greinanlegt hvar mörkin liggja.

Lykilorð: Barnavernd, barnaverndarlög, úrræði, ófætt barn, friðhelgi.

**Viðhorf feðra til þátttöku þeirra í vinnslu barnaverndarmála. (Kolbrún Ögmundsdóttir, 2015).**
Tegund: Meistararitgerð. Eigindleg viðtöl við níu feður.
Markmið: Kanna viðhorf feðra, sem ásamt mæðrum fara sameiginlega með forsjá barna sinna en sem búa ekki hjá þeim, til þátttöku í málaum barna sinna hjá barnavernd. Að auka umræðu um aðkomu feðra að barnaverndarmálum. Tilgangur að kanna hvort barnaverndarstarfsmenn leiti eftir þátttöku feðra og hver sú þátttaka er.
Niðurstöður: Feður vilja taka þátt í barnaverndarmáli barna sinna og taka foreldrahlutverkið alvarlega. Feðurnir voru óöruggir með réttarstöðu sína og flestum fannst að upplýsa mætti þá betur um vinnslu mála barna þeirra hjá barnavernd. Samræma þarf betur vinnubrögð barnaverndarnefnda þegar verið er að vinna mál barna þar sem foreldrar fara með sameiginlega forsjá.
Lykilorð: barnavernd, barnaverndarstarfsmaður, málsmeðferð, feður, sameiginleg forsjá.

**Skipan talsmanns fyrir börn – grundvöllur ákvörðunar og framkvæmd. (Hrefna Friðriksdóttir og Hafdís Gísladóttir, 2015).**
Tegund: Fræðigrein. Fjallað er um rannsókn sem gerð var á ákvörðunum um skipan talsmanns hjá nokkrum barnaverndarnefndum á Íslandi.
Markmið: Rannsaka ákvörðun barnaverndarnefnda á Íslandi um skipan talsmanns. Ákvarðanir sem byggja á ákvæðum barnaverndarlaga sem endurspegla þá þróun sem hefur orðið í túlkun ákvæða samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013).
Niðurstöður: Sterkar vísbendingar um að framkvæmdin hafi ekki fylgt sömu þróun. Þannig skorti talsvert á formfestu, reglubundið mat, sjónarmið og rökstuðning að baki ákvörðunum barnaverndarnefnda um skipan talsmanna.
Lykilorð: Barn; þátttaka; barnaverndarnefnd; talsmaður, ákvörðun, framkvæmd.

**„Barnaverndin horfir alltaf fyrst til fjölskyldunnar sem mögulegs baklands“. Um aðild fjölskyldna að barnaverndarmálum. (Sigrún Yrja Klörudóttir, 2013).**

Tegund: Meistararitgerð. Eigindleg rannsóknaraðferð. Þrjú rýnihópaviðtöl og eitt hópviðtal. Hluti af alþjóðlegri samanburðarrannsókn, Social Work with Families (SWF): Social Workers‘ constructions of family in professional practice. Aðalmarkmið hennar er að öðlast þekkingu á hvernig unnið er með fjölskyldum í barnavernd í ólíkum þjóðfélögum.

Markmið: Kanna aðild fjölskyldna að barnaverndarmálum á Íslandi. Kanna hversu mikla áherslu barnaverndarstarfsmenn leggja á aðild fjölskyldna og þá hvaða meðlimi fjölskyldunnar.

Niðurstöður: Barnaverndarstarfsmenn leggja mikla áherslu á aðild fjölskyldna og er alltaf leitað eftir stuðningi fyrir foreldra og börn í nærumhverfi þeirra ef þess er kostur. Helstu aðilar undanskilið foreldrum, eru afi og amma barnsins, systkini foreldra barnsins og uppkomin systkini barnsins. Barnaverndarmenn sem leitað var til skilgreindu hugtakið fjölskylda þannig að fjölskylda eru þeir sem standa barni næst, tengjast því tilfinningaböndum og veita stuðning þegar þörf er á. Þeir sem deila heimili með barni teljast yfirleitt til fjölskyldu, hvort sem blóðtengsl, stjúptengsl eða tilfinningatengsl er um að ræða.

Lykilorð: Barnavernd, barnaverndarstarfsmenn, fjölskyldur, aðild að málum, tengsl.

**Meðferð mála er varða kynferðisbrot gegn börnum á aldrinum 15-18 ára í barnaverndar- og réttarvörslukerfinu. (Bára Brynjólfsdóttir, 2013).**

Tegund: Meistararitgerð.

Markmið: Fjalla um réttarvernd brotaþola á aldrinum 15-18 ára og kanna hvernig réttarverndinni er háttað í íslenskri löggjöf. Kanna hvort og þá sérstaklega hvernig þessum aldurshópi er tryggð nægjanleg réttarvernd í kynferðisbrotamálum. Fjallað er um meðferð kynferðisbrotamála bæði í barnaverndar- og réttarvörslukerfinu með tilliti til könnunar máls, málsmeðferðar, sönnunar, skýrslutöku, aðildar að málum og meðferðarúrræða.

Niðurstöður: Samspil kerfanna tveggja er afar mikilvægt því málin eru oft til meðferðar hjá báðum aðilum á sama tíma. Eftir könnun á meðferð kynferðisbrotamála virðist sem réttarvernd 15 -18 ára barna sé ekki nægilega tryggð í íslenskri löggjöf þó skyldan sé til staðar.

Lykilorð: Kynferðisofbeldi, barnavernd, réttarvernd, réttarvörslukerfi, dómsmál.

**Afbrot barna. Samspil barnaverndar- og refsivörslukerfisins. (Anna María Káradóttir, 2011).**

Tegund: Meistararitgerð. Megindleg rannsókn. Afbrot barna skoðuð og barnasamningur. Skipulag og hlutverk barnaverndarkerfis og refsivörslukerfis skoðuð og borin saman. Samspil kerfanna tveggja skoðuð. Ýmsir héraðsdómar og dómar Hæstaréttar skoðaðir þar sem sakhæf börn voru dæmd fyrir refsiverðan verknað. Auk þess voru mál þriggja einstaklinga skoðuð náið.

Markmið: Skoða samspil barnaverndar- og refsivörslukerfisins. Samstarf á milli barnaverndarnefnda og lögreglu/refsivörslukerfinu. Mismunandi hlutverk kerfanna skoðuð.

Niðurstöður: Munur er á réttarstöðu barns í barnaréttarmáli og sakamáli. Ólík sjónarmið á milli barnaverndar- og réttarvörslukerfanna. Samvinna mikilvæg.

Lykilorð: Barnavernd, börn, barnaverndarlög, barnasamningur, refsivörslukerfið, tilkynningarskylda.

**Sýnileiki barnsins í barnaverndarmálum fyrir dómstólum á Íslandi 2002–2009. (Guðrún Jónsdóttir, 2011).**

Tegund: Eigindlegri rannsókn (gagnrýni) með innihaldsgreiningu á 65 dómsmálum frá árunum 2002 til 2009.

Markmið: Kanna hvernig hagsmunir og sjónarmið barna koma fram í dómum í barnaverndarmálum á Íslandi.

Niðurstöður: Sjónarhorn barns birtist á mismunandi hátt í dómsskjölum. Í sumum málum kemur ekkert fram sem sýnir hagsmuni eða sjónarhorns barns en í flestum tilvikum er áhersla á hagsmuni barns. Rætt var við barn í helmingi tilvika. Fjallað er um röksemdir fyrir þátttöku barna og nauðsyn þess að gæta betur að sjónarmiði þeirra og bent á atriði sem unnið geta gegn hagsmunum barna.

Lykilorð: Barnavernd, barnaverndarmál, dómstólar, þátttaka barns, sjónarmið barns.

**Samspil meðalhófsreglunnar og meginreglunnar um hagsmuni barnsins við framkvæmd barnaverndarlaga nr. 80/2002. (Fanney Finnsdóttir, 2011).**

Tegund: Meistararitgerð. Skoðaðir voru dómar Hæstaréttar, héraðsdómar, úrskurðir kærunefnda barnaverndarmála og úrskurðir barnaverndarnefndar Reykjavíkur.

Markmið: Kanna hvort meðalhófsreglan og meginreglan um hagsmuni barns vinni gegn hvort annarri? Kanna hvort það geti komið niður á hagsmunum barnsins, ef farið er eftir meðalhófsreglunni um að ætíð skuli reynd vægari úrræði áður en barn er vistað utan heimilis. Kanna hvor reglan vegur þyngra við úrlausnir mála fyrir dómstólum og hjá barnaverndaryfirvöldum.

Niðurstöður: Barnaverndaryfirvöld reyna ávallt að leita eftir samþykki foreldra og beita stuðningsúrræðum áður en þvingunarúrræðum er beitt. Meðalhófsreglunni er oftast beitt fyrst en í sumum tilvikum láta dómstólar hagsmuni barns ganga framar henni. Dómstólar rökstyðja niðurstöðu sína með vísan til hagsmuna barnsins.

Lykilorð: Barnavernd, barnaverndarlög, meðalhófsreglan, meginreglan, hagsmunir barns.

**Vernd barna gegn ofbeldi - Þjóðréttarlegar skyldur íslenska ríkisins. (Sigrún Inga Guðnadóttir, 2010).**

Tegund: Meistararitgerð. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna og Mannréttindasáttmáli Evrópu, almenn lög og ákvæði íslensku ríkisstjórnarinnar skoðuð.

Markmið: Kanna vernd barna gegn ofbeldi í íslensku lagaumhverfi og varpa ljósi á hvort alþjóðlegar skuldbindingar íslenska ríkisins séu uppfylltar.

Niðurstöður: Íslensk löggjöf hefur að geyma ákvæði sem veita börnum vernd gegn líkamlegu ofbeldi og misnotkun. Tryggja skuli börnum sem búa við ofbeldi nauðsynlega aðstoð auk þess sem refsingar eru lagðar við því að misnota og beita börn ofbeldi. Skuldbindingar íslenska ríkisins eru uppfylltar því löggjöfin hefur að geyma ákvæði sem veita börnum vernd gegn ofbeldi samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum.

Lykilorð: Barnavernd, barnaverndarlög, ofbeldi, alþjóðlegar skuldbindingar.

**Framkvæmd vistunar barna utan heimilis á árunum 1992 – 2010. Málsmeðferðarreglur. (Íris Erlingsdóttir, 2010).**

Tegund: Meistararitgerð. Úrskurðir barnaverndarráðs á árunum 1992 – 2002 skoðaðir. Allir héraðsdómar og Hæstaréttardómar á árunum 2002 – 2010 ásamt tveimur dómum frá árunum 1992 – 2002.

Markmið: Að rannsaka framkvæmd vistunar barna utan heimilis á árunum 1992 – 2010. Kanna hvernig málsmeðferðarreglum barnaverndarlaga hefur verið framfylgt í málum er varða tímabundna vistun barna utan heimilis sem og forsjársviptingar.

Niðurstöður: Málsmeðferðarreglur eru að jafnaði virtar eins og lög gera ráð fyrir og eru undantekningar fáar. Mesta áherslan virðist vera á meðalhófsregluna. Aldur barna sem fá að tjá sig í eigin málum hefur almennt lækkað og er nú að jafnaði miðað við að barnið sé tíu ára gamalt. Barnaverndarnefndir fara eftir þeim reglum sem þeim eru settar sem oftast leiðir til þess að rétt niðurstaða fæst í málum sem til meðferðar eru.

Lykilorð: Barnaverndarlögin, barnavernd, málsmeðferð, vistun barna utan heimilis.

**Upphaf barnaverndarmáls. (Sigrún Jana Finnbogadóttir, 2010).**

Tegund: Meistararitgerð. Stjórnsýsluréttur og barnaverndarréttur skoðuð. Barnaverndarlög.

Markmið: Gera grein fyrir upphafi barnaverndarmála. Skoða grundvallarréttindi foreldra og barna og hvernig þau réttindi skarast. Skoða hvaða skýru skilyrði barnaverndaryfirvöld þurfa að uppfylla til að hafa afskipti af barni og fjölskyldu; hvernig á að taka ákvörðun um að hefja afskipti af barni og fjölskyldu þess; hvers eðlis slík ákvörðun er og síðast en ekki síst hver réttarstaða aðila er. Samspil stjórnsýsluréttar og barnaverndarréttar er skoðað og velt upp áhugaverðum álitaefnum í því samhengi.

Niðurstöður: Sérstaða barnaverndar var skoðuð og mikilvæg sjónarmið um rétt fjölskyldulífs og sjónarmið um sjálfstæðan rétt barns. Þróun hefur orðið á lagaákvæðum er lúta að upphafi barnaverndarmáls og er lögð áhersla á skýrleika slíkra ákvæði, bæði hvað varðar lýsingar á þeim aðstæðum sem réttlæta afskipti barnaverndaryfirvalda og upphaf barnaverndarmála.

Lykilorð: Barnavernd, barnaverndarmál, réttindi barns, hagsmunir barns, barnaverndarlög, tilkynningarskylda.

**Hvernig bregst samfélagið lagalega við kynferðisbrotum gegn börnum? (Sonja Marsibil Þorvaldsdóttir, 2010).**

Tegund: Meistararitgerð. Spurningalisti var sendur á aðila sem ráða starfsfólk hjá barnaverndaryfirvöldum, framhaldsskólum, grunnskólum og leikskólum. Úrtak var 46 aðilar. Svör frá 32, svarhlutfall 69%.

Markmið: Kanna hvernig samfélagið bregst lagalega við kynferðisbrotum gegn börnum með ákvæði 36. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, sem eru upplýsingar úr sakaskrá.

Niðurstöður: Fæstir fóru eftir ákvæði 36. gr. barnaverndarlaganna, það er að ekki var óskað eftir upplýsingum úr sakaskrá við ráðningu starfsfólks til barnaverndaryfirvalda, skóla eða æskulýðsstofnana fyrir setningu barnaverndarlaga nr. 80/2002 en eftir setningu varð aukning í þá átt hjá barnaverndaryfirvöldum en í raun fóru hinar stofnanirnar ekki að nýta sér þessar heimildir fyrr en með tilkomu samskonar ákvæða í sérlögum.

Lykilorð: Barnaverndarlög, barnavernd, sakavottorð, kynferðisbrot.

**Mörkin milli vægari úrræða og þvingunarúrræða samkvæmt barnaverndarlögum. (Ingibjörg Gunnlaugsdóttir, 2009).**

Tegund: Meistararitgerð. Farið er yfir lög athugaðir úrskurðir barnaverndar Reykjavíkur og farið yfir héraðs- og Hæstaréttardóma frá árinu 2002 til 2008.

Markmið: Kanna hvort barnaverndaryfirvöld þurfi, með stoð í ákvæðum barnaverndarlaga nr. 80/2002 að grípa fyrr inn í barnaverndarmál sem er hafið eða beita róttækari aðgerðum til að tryggja hagsmuni barns og gefa því sem besta möguleika á að þroskast og dafna eins og barnið á rétt til.

Niðurstöður: Rík áhersla er lögð á hæfni barnaverndarstarfsmanna og að góð samvinna fjölmargra sérfræðinga (félagsráðgjafa, lögfræðinga, uppeldisfræðinga, sálfræðinga og fleiri) er nauðsynleg til að ná sem bestum árangri. Meginreglan er að láta reyna á vægasta úrræðið og líffræðilegu tengingu barns við foreldra sína. Foreldrar hafa enn sterkari stöðu en barnið í málsmeðferðinni þar sem þau sjást og það heyrist betur í þeim. Það getur leitt til þess að barnið

fellur í skugga þeirra og getur það valdið því að barnið fær ekki þá hjálp sem það þarf á að halda og á rétt á.

Lykilorð: Barnavernd, barnaverndarlög, úrræði, hagsmunir barns, réttur barns.

### 2.2.2 Samantekt

Hér hafa verið kynntar 15 rannsóknir, þar af 13 meistararitgerðir. Rannsóknir í þessum kafla er frá árunum 2009 – 2018. Af þeim má nefna rannsóknir á samspili milli barnaverndar- og réttarvörslukerfisins og ólík sjónarmið þeirra. Sex rannsóknir í þessum kafla fjölluðu á einn eða annan hátt um hvernig samstarfi barnaverndarstarfsmanna við skjólstæðinga væri háttað. Þá er fjallað um skipan talsmanna í barnaverndarmálum, öflun sakavottorða við ráðningu starfsmanna hjá barnaverndaryfirvöldum og stofnunum sem vinna með börn og ákvarðanir barnaverndaryfirvalda um afskipti af börnum og fjölskyldum og þess.

## 2.3 Rannsóknir á reynslu, viðhorfi og samstarfi starfsfólks í barnavernd

Barnaverndarnefnd skal ráða sérhæft starfslið eða tryggja sér aðgang að viðeigandi sérþekkingu með öðrum hætti. Skal við það miðað að hægt sé að veita foreldrum, stofnunum og öðrum er annast uppeldi viðhlítandi ráðgjöf, fræðslu og leiðbeiningar samkvæmt lögum þessum. Jafnframt skal miðað við að möguleikar séu til faglegra rannsókna á félagslegum og sálrænum högum barna er með þurfa vegna könnunar og meðferðar einstakra barnaverndarmála. Heimilt er barnaverndarnefnd að semja við aðrar stofnanir, um sameiginlegt starfsmannahald og sérfræðiþjónustu, að fela starfsmönnum sínum könnun og meðferð einstakra mála eða málaflokka samkvæmt reglum sem hún sjálf setur. Barnaverndarnefnd getur framselt tilgreindum starfsmönnum vald til að taka einstakar ákvarðanir. Reglurnar skulu kynntar Barnaverndarstofu. Öllum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hafa afskipti af málefnum barna er skylt að hafa samstarf við barnaverndaryfirvöld og skulu barnaverndaryfirvöld leitast við að eiga gott samstarf við sömu aðila“ (barnaverndarlög nr. 80/2002).

### 2.3.1 Yfirlit yfir rannsóknir

Í þessum kafla er fjallað um rannsóknir á starfi starfsfólks í barnavernd, starfsumhverfi þeirra, upplifun, reynslu og samstarfi starfsfólks barnaverndarnefnda við aðra fagaðila.

**MPM – Master of Project Management. Eru verkfæri verkefnastjórnunar lykill að breyttum vinnubrögðum innan félagsþjónustu og barnaverndar til að ná fram skilvirkari vinnu og minnka álag? (Ægir Örn Sigurgeirsson, 2019).**

Tegund: Meistararitgerð. Eigindleg aðferðarfræði. Viðtöl við þrjá viðmælendur, einn hjúkrunarfræðing og tvo félagsráðgjafa vorið 2019.

Markmið: Kanna hvernig málastjórn er háttað innan félagsþjónustu og barnaverndarnefnda.

Niðurstöður: Vísbendingar um að vinnubrögðum sé ábótavant. Mikið álag hjá starfsfólki, vinnan óskilvirk og lítið fer fyrir ferlum. Mál unnin út frá tilfinningu málastjóra sem leiðir til mismunandi þjónustu fyrir skjólstæðinga. Verkfæri verkefnastjórnunar er unnið með að einhverju leyti. Sjónrænt skipulag, Agile vinnubrögð og Scrum.

Lykilorð: Málastjórn, barnavernd, þjónusta, álag, barnaverndarstarfsmenn, Agile, Scrum

**„Í þessum hraða er ekki í mannlegu valdi að hafa allt hundrað prosent“. Starfsaðstæður barnaverndarstarfsmanna. (Anna Eygló Karlsdóttir, 2018).**

Tegund: Meistararitgerð. Eigindleg rannsóknaraðferð. Tilgangsúrtak og viðtöl við fjórtán barnaverndarstarfsmenn sem höfðu starfað við barnavernd í tíu ár eða lengur.

Markmið: Leita eftir reynslu og viðhorfum frá starfsmönnum með langa starfsreynslu.

Niðurstöður: Einkenni starfsmannanna voru stöðugleiki í fjölskylduumhverfi og reglubundin hreyfing, trú, hugsjón og góð þekking á starfinu. Áhersla á endurmenntun og handleiðslu til að viðhalda fagmennsku og samstarfshópurinn var þeim mikilvægur. Aðskilnaður starfs og einkalífs mikilvægur til að eiga langan starfsferill. Neikvætt: Upplifðu starfsumhverfið óviðunandi vegna of mikils málafjölda. Alvarleg streitueinkenni vegna fjölda verkefna og því að ekki væri skilningur á stöðu þeirra.

Lykilorð: Barnavernd, barnaverndarstarfsmenn, streita, starfsánægja, stuðningur á vinnustað.

**„Vinnan er mjög mikilvæg í lífinu manns en hún á ekki að vera það sem að á þig". Viðhorf barnaverndarstarfsmanna á Íslandi til styttingar vinnuvikunnar. (Inga Jara Jónsdóttir, 2018).**

Tegund: Meistararitgerð. Eigindleg rannsóknaraðgerð. Viðtöl við átta barnaverndarstarfsmenn á aldrinum 29 – 49 ára.

Markmið: Kanna viðhorf barnaverndarstarfsmanna til styttingar vinnuviku og áhrif á þeirra störf.

Niðurstöður: Mikið álag fylgir barnaverndarstarfi og þörf er á því að endurskoða skipulag stjórnunar á hverjum stað fyrir sig. Stytting vinnuvikunnar gæti haft góð áhrif bæði á þá sem starfsfólk og einnig einkalífið ef vel væri staðið að skipulaginu en haft öfug áhrif og aukið álag ef illa skipulagt.

Lykilorð: barnavernd, barnaverndarstarfsfólk, stytting vinnuvikunnar, álag, viðhorf.

**„Sérsniðin úrræði út frá þörfum barns". Viðhorf barnaverndarstarfsmanna til meðferðarúrræða Barnaverndarstofu. (Helga Einarsdóttir, 2017).**

Tegund: Meistararitgerð. Spurningalisti sendur til 105 barnaverndarstarfsmanna um allt land. 77 svöruðu eða 73% þátttakenda.

Markmið: Að kanna viðhorf barnaverndarstarfsmanna til meðferðarúrræða Barnaverndarstofu, Fjölkerfameðferðar MST, Stuðla og meðferðarheimila. Þekkingu á úrræðunum og hvernig mætti bæta úrræðin.

Niðurstöður: Barnaverndarstarfsmenn almennt ánægðir með úrræðin, sérstaklega MST, meðferðarheimilið Laugaland og Neyðarvistun Stuðla. Stuðlar mest nýtt þegar barn stofnar heilsu sinni í hættu. Meirihlutinn telur að Barnaverndarstofa sinni lögbundnu hlutverki sínu vel. Bæta þarf vímuefnameðferð fyrir börn, meðferðarúrræði fyrir börn með geðrænan vanda og/eða þroskavanda auk hegðunarvanda.

Lykilorð: Barnavernd, barnaverndarstarfsmaður, viðhorf, úrræði, Barnaverndarstofa.

**„Þessar bakvaktir eru svo algjörlega óútreiknanlegar“. Bakvaktir félagsráðgjafa hjá barnaverndarnefndum á Íslandi. (María Bjarnadóttir, 2017).**

Tegund: Meistararitgerð. Blönduð rannsóknaraðferð. Spurningalistakönnun send á stjórnendur 27 barnaverndarnefnda. Svör bárust frá 20 stjórnendum. Fimm hálfstöðluð viðtöl við barnaverndarstarfsmenn sem unnu á bakvöktum þegar rannsóknin fór fram.

Markmið: Tvíþætt; að kanna hver upplifun og reynsla félagsráðgjafa væri af bakvöktum barnaverndarnefnda og kanna áhrif skipulags bakvakta á reynslu og upplifunina.

Niðurstöður: Flestir upplifa aukið álag og streitu vegna óvissu sem bakvaktarstarfið felur í sér. Aukavinna fylgir bakvöktum og þurfa að vera til taks hvenær sem er. Eru einir á bakvakt og þurfa að meta aðstæður og taka sjálfstæðar ákvarðanir. Flestir hafa upplifað hótun eða ógnun en skilgreina það þó ekki þannig. Jákvæð reynsla af öflugu samstarfi við lögreglu sem veitir öryggi og stuðning.

Lykilorð: barnaverndarstarfsfólk, upplifun, reynsla, bakvaktir, álag, barnavernd

**Fjölgum starfsfólki, bætum þjónustuna og spörum! Nýtt fyrirkomulag á starfsemi barnaverndar í Herning á Jótlandi. (Þröstur Haraldsson, 2017).**

Tegund: Ritrýnd grein fræðimanns um tilraun á fjölgun starfsmanna barnaverndarnefnda í sveitarfélaginu Herning í Danmörku.

Markmið: Breytt starfsemi barnaverndar, fjölgun starfsmanna, bætt þjónusta en minni fjárútgjöld. Tilraun á vegum sveitarstjórnar í Herning á vinnuskipulagi í 4 ár.

Niðurstöður: Öll markmið sem sett voru náðust. Aðalatriðið er að fækka málum félagsráðgjafa um helming og með því er hverri fjölskyldu sinnt betur.

Lykilorð: Barnavernd, barnaverndarstarfsmaður, tilraun, minna álag, færri mál, starfsemi, sparnaður.

**Átak gegn heimilisofbeldi. Úttekt á samstarfsverkefni sveitarfélaganna Kópavogs, Hafnarfjarðar og Garðabæjar og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu gegn heimilisofbeldi. RIKK. (Kristín Anna Hjálmarsdóttir, Guðbjört Guðjónsdóttir, Kristín I. Pálsdóttir og Erla Hlín Hjálmarsdóttir, 2017).**

Tegund: Samstarfsverkefni sveitarfélaganna Kópavogs, Garðabæjar, Hafnarfjarðar og lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Rannsóknaraðferðir megindlegar og eigindlegar. Tekin voru hálfstöðluð viðtöl (e. semi-structured interviews) við lykilstjórnendur í barnavernd og félagsþjónustu sveitarfélaganna. Gögnum safnað frá starfsfólki barnaverndar og félagsþjónustu sveitarfélaganna þriggja með rýnihópum og spurningakönnun. Djúpviðtöl tekin við þolendur heimilisofbeldis.

Markmið: Auka þekkingarmiðlun og bæta verklag til að taka á heimilisofbeldismálum og tryggja öryggi íbúa á heimilum sínum, veita þolendum og gerendum þjónustu og bæta stöðu barna. Niðurstöður benda eindregið til þess að  starfsfólk sé undir mjög miklu álagi, ekki síst starfsfólk barnaverndar og þeir starfsmenn þar sem ganga bakvaktir. Nýtt verklag felur í sér að starfsmaður barnaverndar eða félagsþjónustu fari í útkall með lögreglu og að vinna við heimilisofbeldismál er umfangsmeiri en áður var. Málum hefur því ekki einungis fjölgað heldur hefur umfang vinnunnar við hvert mál einnig aukist og sú vinna bæst ofan á fyrri starfsskyldur. Mikilvægt er að leita leiða til að styðja starfsfólkið sem allra best og tryggja þeim nauðsynlegar bjargir til að velgengni verkefnisins haldi áfram og velferð starfsfólks ekki stofnað í hættu. Mikilvægt er að sjónarmið starfsfólks og tillögur til umbóta sem settar eru fram í þessari úttekt verði teknar til athugunar.

Lykilorð: Barnavernd, samstarf, heimilisofbeldi, þjónusta, verklag, þekkingarmiðlun.

**Saman gegn ofbeldi. Úttekt á samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu gegn heimilisofbeldi. RIKK. (Erla Hlín Hjálmarsdóttir, Kristín I. Pálsdóttir og Rannveig Sigurvinsdóttir, 2016).**

Tegund: Samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu gegn heimilisofbeldi. Niðurstöðu úr víðtækri gagnasöfnun, djúpviðtölum við þolendur og viðtöl við lykilstarfsfólk. Gögnum var safnað frá starfsfólki verkefnisins, með rýnihópum og rafrænni

viðhorfskönnun. Þá voru töluleg gögn frá Reykjavíkurborg og Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu rýnd.

Markmið: Verkefnið er tilraunaverkefni til eins árs og hófst það í janúar 2015. Þessi skýrsla er áfangamat á verkefninu þar sem leitast er við að greina styrkleika og veikleika þess til að gefa öllum hlutaðeigandi innsýn inn í hvernig til hefur tekist hingað til og skoða mögulegar leiðir til úrbóta áður en tilraunaverkefninu lýkur.

Niðurstöður: Aukning varð á heimilisofbeldi árið 2015, flestir árásar- og brotaþolar eru konur eða í 80% tilvika. Börn voru til staðar í flestum tilvikum tilkynninga um heimilisofbeldi. Margvísleg áhrif eru á þolendur eins og viðbrögð samfélagsins en stuðningur og jákvæð viðbrögð geta aukið vellíðan þolenda. Starfsfólk ánægt með átaksverkefnið.

Lykilorð: Barnavernd, lögregla, Reykjavíkurborg, heimilisofbeldi, börn, töluleg gögn, afleiðingar.

**Samband barnaverndarnefnda og starfsmanna þeirra. (Katrín Ósk Guðmundsdóttir Busk, 2016).**

Tegund: Meistararitgerð. Innihaldsgreining, opin viðtöl og spurningakannanir. Aðhvarfsgreining á gögnum sem fengust úr spurningakönnununum.

Markmið: Kanna hvort sambandið á milli barnaverndarnefnda og starfsmanna þeirra byggist á regluverki eða trausti.

Niðurstöður: Samband barnaverndarstarfsmanna og barnaverndarnefnda byggist bæði á regluverki og trausti en uppfæra þarf lagatextann sem sambandið byggist á því það er ekki í samræmi við raunveruleikann sem starfsmenn og nefndarmenn starfa við. Ýmsar hindranir voru við að nálgast gögn og þátttakendur. Upplýsingar um nefndarmenn oft ekki uppfærðar.

Lykilorð: samstarf, barnaverndarnefnd, barnaverndarstarfsfólk, regluverk, traust

**Vinnuálag í barnavernd. Mæling á vinnu barnaverndarstarfsmanna. (Valgerður Rún Haraldsdóttir, 2016).**

Tegund: Meistararitgerð. Megindleg rannsóknaraðferð. Matstækið sem notast var við mælir vinnuálag í barnavernd. Samstarf við Barnaverndarstofu. Níu barnaverndarnefndir tóku þátt í rannsókninni, alls 61 þátttakandi.

Markmið: Kortleggja vinnuumhverfi og upplifun barnaverndarstarfsmanna á vinnuálagi. Hversu mikið vinnuálag upplifa barnaverndarstarfsmenn í starfi sínu og hver er meðalstigafjöldi og meðalmálafjöldi barnaverndarstarfsmanna á Íslandi. Mikilvægi rannsóknar er að nú eru komnar aðgengilegar upplýsingar um vinnuálag sem var ekki til staðar áður.
Niðurstöður: Tæp 90% töldu að of mikið væri að gera hjá sér. Málafjöldi endurspeglar ekki alltaf vinnuálag en meðalfjöldi mála  voru 32 á starfsmann en viðmið Barnaverndarstofu er 25 til 30 mál á starfsmann. Þörf er á umbótum til að draga úr vinnuálagi.
Lykilorð: Barnavernd, barnaverndarstarfsmenn, Barnaverndarstofa, matstæki, vinnuálag, meðalfjöldi mála.

**Starf félagsráðgjafa í barnavernd með fjölskyldum af erlendum uppruna. (Nadía Borisdóttir, 2016).**

Tegund: Meistararitgerð. Eigindleg rannsóknaraðferð. Viðtöl við sjö barnaverndarstarfsmenn við Barnavernd Reykjavíkur sem hafa reynslu af starfi með fjölskyldum af erlendum uppruna.
Markmið: Að varpa ljósi á vinnu félagsráðgjafa með fjölskyldum af erlendum uppruna í barnavernd. Kanna hver er upplifun og reynsla félagsráðgjafa sem starfa í barnavernd með fjölskyldum af erlendum uppruna? Hverjar eru helstu áskoranir og tækifæri í vinnu félagsráðgjafa í barnavernd með fjölskyldum af erlendum uppruna? Innsýn um frekari þróun, sérþekkingu og fræðslu félagsráðgjafa.
Niðurstöður: Upplifun og reynsla félagsráðgjafa er annars vegar sú að starfið sé flókið og krefjandi en hins vegar skemmtilegt og lærdómsríkt. Ólíkur menningarbakgrunnur, önnur gildi og viðhorf krefst nýrra nálgana og aðferða. Félagsráðgjafar telja að starfið feli
í sér aðstoð til þessa hóps við að aðlagast íslenskum gildum og hefðum sem tengjast uppeldisaðferðum barna. Skortur á hæfilegri og eðlilegri túlkaþjónustu. Þörf á frekari fræðslu um ólíka menningarheima. Félagsráðgjafar hafa heildarsýn og menningarnæmni að leiðarljósi í starfinu með fjölskyldum af erlendum uppruna.
Lykilorð: Barnavernd, barnaverndarstarfsmaður, fjölskyldur af erlendum uppruna, fjölmenningarnæm félagsráðgjöf.

**Vanmetnar fjölskyldur. Mat á hæfni seinfærra foreldra. (Rahel More, 2015).**

Tegund: Meistararitgerð. Eigindleg rannsóknaraðferð. Viðtöl við ellefu þátttakendur, þrjá fagmenn félagslega kerfisins, þrjá sálfræðinga, fjóra seinfæra foreldra og einn aðstandanda.

Markmið: Skoða aðstæður seinfærra foreldra innan barnaverndar. Skoða hvernig hæfni seinfærra foreldra er metin. Kanna tilgang foreldrahæfnimats og þýðingu þess á aðstæður seinfærra foreldra og barna þeirra.

Niðurstöður: Í ákveðnum tilvikum óskar barnavernd eftir formlegu mati á hæfni foreldra til að kanna stuðningsþörf þeirra eða skera úr um hæfni eða vanhæfni þeirra á uppeldi barns. Foreldrahæfnimatið er metið af sálfræðingum og er ekki í stöðluðu formi. Tekin eru viðtöl við foreldra og stöðluð próf eins og greindarpróf lögð fyrir þau. Kostnaðarsamt í framkvæmd og ekki alltaf í boði til að meta stuðningsþörf foreldra. Upplifun foreldra á hæfnimatinu var ólík en það fór meðal annars eftir því hvernig matið var kynnt, hvernig upplifun þeirra var og hvernig niðurstöður voru notaðar.

Lykilorð: Barnavernd, seinfærir foreldrar, upplifun, foreldrahæfnimat, mæling.

**Stuðningsúrræði barnaverndar. Áhrifaþættir ákvarðanatöku starfsmanna, virkni og mat. (Inga Dóra Jónsdóttir, 2015).**

Tegund: Meistararitgerð. Eigindleg rannsóknaraðferð. Viðtöl við átta barnaverndarstarfsmenn.

Markmið: Skoða hvaða aðferðir liggja að baki ákvörðunar barnaverndarstarfsmanna á vali þeirra á úrræðum fyrir skjólstæðinga sína og hvernig þeir meta árangur úrræðanna.

Niðurstöður: Aðgengi úrræða og samvinna við foreldra og barna er veigamikill þáttur ákvarðanatöku. Aðrir þættir voru ef málin voru orðin þung og flókin og fjöldi mála mikill. Aðrar stofnanir sinna ekki hlutverkum sínum. Ekki nægur árangur af stuðningsúrræðum. Mat árangurs byggðist á munnlegum upplýsingum. Mikilvægi matstækja.

Lykilorð: Barnavernd, stuðningsúrræði, ákvarðanir, mat, matstæki, úrræði.

**“Það er á öllu litrófinu”. Samvinna félagsráðgjafa í barnavernd við lögmenn. (Guðrún Pétursdóttir, 2015).**

Tegund: Meistararitgerð. Eigindleg rannsóknaraðferð. Viðtöl við sex félagsráðgjafa og einn ráðgjafa í fjórum sveitarfélögum sem störfuðu við barnavernd.

Markmið: Að veita innsýn á samvinnu barnaverndarstarfsmanna og lögmanna í barnaverndarmálum og skoða hvort málsmeðferð barnaverndarmáls breytist við aðkomu lögmanna sem og réttindi og hagsmunir barns.

Niðurstöður: Aukning hefur orðið á aðkomu lögmanna í barnaverndarmálum. Barnaverndarstarfsmenn telja samvinnu vera góða þegar lögmenn vinna fyrir foreldra og börn og gæta hagsmuna allra aðila máls. Samvinnan er verri þegar lögmaður vinnur einungis fyrir foreldra. Í þeim tilfellum var hagsmunum barns ekki gætt. Málsmeðferð vinnst hraðar og fyrr er hægt að fá niðurstöðu mála með aðkomu lögmanna og samvinnu við þá. Lögmaður getur jafnframt tafið málsmeðferð ef samvinnan er lítil eða engin.

Lykilorð: Barnavernd, barnaverndarstarfsmenn, réttindi barna, málsmeðferð, lögmenn, samvinna.

**Stuðningsúrræði starfsmanna barnaverndar. „Þetta er í raun bara það sem hefur alltaf verið gert“. (Halla Dröfn Jónsdóttir, 2014).**

Tegund: Meistararitgerð. Eigindleg rannsóknaraðferð. Viðtöl við átta barnaverndarstarfsmenn víðs vegar um landið.

Markmið: Kanna hvað felst í beinu starfi barnaverndarstarfsmanns á tímabili áætlunar um meðferð máls og þeim stuðningi sem hann veitir.

Niðurstöður: Stuðningsviðtöl barnaverndarstarfsmanna eru ráðgjafarviðtöl og vettvangur þar sem starfsmaður uppfyllir starfsskyldur sínar og veita skjólstæðingum sínum stuðning. Viðmælendur lögðu áherslu á góða samvinnu. Þeir styðjast við huglæga þætti við útfærslu vinunnar og veita leiðbeiningar um uppeldi og aðbúnað barns. Ráðgjafahlutverkin eru einu beinu samskipti þeirra við börn og fjölskyldur þeirra.

Lykilorð: Barnaverndarstarfsmenn, stuðningsúrræði, samvinna, ráðgjöf, meðferð.

**Barnavernd í fámennum sveitarfélögum. Mörkin á milli persónulegs og faglegs lífs starfsmanna í barnavernd. (Ingveldur Eyþórsdóttir, 2013).**

Tegund: Meistararitgerð. Eigindleg rannsóknaraðferð. Tekin voru viðtöl við níu starfsmenn sem starfa í barnavernd í fámennum sveitarfélögum.

Markmið: Að varpa ljósi á hvaða aðstæður starfsmenn í fámennum sveitarfélögum starfa við. Kanna hvort nálægð við skjólstæðinga hafi áhrif á vinnulag, persónulegt líf þeirra og skoða hverjir eru kostir og gallar barnaverndarstarfs í fámennum sveitarfélögum.

Niðurstöður: Nálægð hefur áhrif á vinnulag starfsfólks og hefur fleiri kosti en galla. Allir nema einn viðmælendanna létu starfið hafa áhrif á hve virkir þeir væru í samfélaginu. Allir viðmælendur höfðu orðið fyrir áreiti frá skjólstæðingum og átta af níu höfðu upplifað ógn og ótta í starfi. Flestir nýttu sér ekki handleiðslu. Álitu allir sig meðvitaðir um gildi og innihald vanhæfisreglunnar og töldu sig fara eftir henni eftir bestu getu.

Lykilorð: barnavernd, fámenn sveitarfélög, mörk, áhrif á vinnulag.

**„Þegar upp er staðið þá er aldrei nógu mikið af því“. Samstarf barnaverndarstarfsmanna við starfsfólk grunnskóla. (Dögg Þrastardóttir, 2013).**

Tegund: Meistararitgerð. Eigindleg rannsóknaraðferð. Viðtöl við sjö barnaverndarstarfsmenn í tveimur sveitarfélögum. Fjallað um sértæka barnavernd sem er aðeins með barnaverndarþjónusta og samþætta barnavernd sem er með fjölbreytta þjónustu.

Markmið: Kanna hvernig barnaverndarstarfsmenn í tveimur sveitarfélögum með ólíkt skipulag vinna með starfsfólki grunnskóla, hver skoðun þeirra er á samstarfinu og hvort greina megi mun á starfi þeirra eftir sveitarfélögum.

Niðurstöður: Viðhorf flestra barnaverndarstarfsmanna til samstarfs þeirra við grunnskóla er fremur gott þó einnig væru vankantar á samstarfinu þá helst við samþættu barnaverndina. Barnaverndarstarfsmenn óska ekki eftir samstarfi grunnskóla við gerð áætlana en þeir leita alla jafna eftir upplýsingum frá þeim um barn. Barnaverndarstarfsmenn veita þó nauðsynlegar upplýsingar til grunnskóla um málefni barns ef leyfi foreldra liggur fyrir.

Lykilorð: Barnavernd, grunnskóli, samstarf, upplýsingar, skoðun.

**Hvert stefnir barnaverndin? Raddir félagsráðgjafa í barnavernd. (Anni G. Haugen, 2013).**

Tegund: Fræðigrein í Þjóðarspeglinum frá 2013.

Markmið: Fjalla um niðurstöður kannana sem gerðar hafa verið um fjölda mála hjá barnaverndarnefndum, starfsaðstæður nefnda og starfsmanna og greiningu gagna úr umræðum barnaverndarstarfsmanna um stöðu málaflokksins.

Niðurstöður: Félagsráðgjafar og aðrir starfsmenn barnaverndarnefnda telja sig ekki geta veitt viðunandi þjónustu og að þörf sé á að fjölga starfsmönnum verulega. Þá eru vísbendingar um að hluti starfsmanna þjáist af alvarlegum einkennum kulnunar. Barnaverndarstarfsmenn kalla jafnframt á aukna endur- og símenntun auk sérhæfingar innan barnaverndar.

Lykilorð: Barnavernd, barnaverndarstarfsmenn, málafjöldi, starfsaðstæður.

**Samstarf í þágu barna. Samvinna grunnskóla og barnaverndar. (Anni G. Haugen, 2012).**

Tegund: Ritrýnd grein. Byggð á íslenskum og erlendum rannsóknum og fræðigreinum um samstarf grunnskóla og barnaverndar.

Markmið: Skoða hvernig barnaverndarstarfsmenn og starfsmenn grunnskóla vinna best saman að því að leysa úr málum barna í vanda.

Niðurstöður: Ýmsar vísbendingar eru um að samstarfið megi bæta. Börn og foreldrar virðast telja æskilegt og mikilvægt að barnavernd og grunnskóli vinni vel saman. Yfirleitt telja skólastjórnendur samstarfið vera gott en að skólinn fái takmarkaðar upplýsingar um mál barna sem eru hjá barnavernd. Ræða þyrfti betur hvernig starfsmenn skóla og barnaverndarstarfsmenn vinna best saman að því að leysa úr málum barna í vanda.

Lykilorð: Barnavernd, barnaverndarstarfsmaður, skóli, samstarf, staða barna.

**Samstarf barnaverndarnefnda og grunnskóla. Sjónarhorn skólastjórnenda. (Gerður Sif Stefánsdóttir, 2012).**

Tegund: Meistararitgerð. Megindleg rannsókn. Þýðisrannsókn. Spurningalistakönnun send á alla skólastjórnendur grunnskóla á Íslandi. Svarhlutfall um 60%.

Markmið: Skoða hvernig skólastjórnendur upplifa samstarf barnaverndarnefnda við grunnskólann. Skoða ákveðna þætti samstarfsins og hvort þörf væri á breytingum að mati skólastjórnenda. Skoða samstarfið þegar börn í tímabundnu fóstri áttu í hlut.
Niðurstöður: Skólastjórnendur frekar ánægðir með samstarfið þó vill meirihluti þeirra auka það. Rúmur helmingur skólastjórnenda sagði að þeir vildu hafa samstarfið á annan hátt og varðaði það sérstaklega upplýsingaflæðið milli barnaverndarnefndar og grunnskólanna. En þeir töldu upplýsingar um stöðu barna sem barnavernd hafði afskipti af vera af skornum skammti.
Lykilorð: Barnavernd, grunnskólar, tilkynningar, skortur upplýsinga, samstarf.

**Tilsjón, tilgangur og markmið í barnaverndarstarfi. (Margrét Þórarinsdóttir, 2012).**
Tegund: Meistararitgerð. Eigindleg og megindleg. Spurningakönnun á vefnum með 48 spurningum send á barnaverndarstarfsmenn. Viðtöl við fimm tilsjónarmenn.
Markmið: Að varpa ljósi á upplifun tilsjónarmanna í barnavernd af starfi sínu og starfsumhverfi.
Niðurstöður: Félagsráðgjafar gera ekki skýran greinarmunur á störfum tilsjónarmanna og persónulegum ráðgjafa. Tilsjónarmenn sinna bæði stuðningi við skjólstæðingar og eftirliti með þeim. Flestir eru ánægðir í starfi.
Lykilorð: Tilsjón, stuðningur inn á heimili, stuðningur við barn, barnavernd, úrræði.

**Samvinna í barnavernd. Sjónarhorn starfsmanns. (Anni G. Haugen, 2010).**
Tegund: Fræðigrein í Þjóðarspeglinum frá 2010 um rannsókn í þremur hlutum á því hvernig börn og foreldrar koma að gerð áætlana. Í fyrsta hluta voru 50 áætlanir frá fimm barnaverndarnefndum skoðaðar, í öðrum hluta var leitað eftir sjónarmiðum starfsmanna um þátttöku barna og foreldra við gerð áætlana og í þriðja hluta var rætt við 11 börn og níu foreldra um aðkomu þeirra að gerð áætlana.
Markmið: Skoða og fjalla um niðurstöður rannsóknar um þátttöku barna og foreldra við gerð áætlana sem ber að útbúa eftir að könnun er lokið. Athuga hvort barnaverndarstarfsmenn vinni með börnum og foreldrum og öðrum sem koma að stuðningi og hvernig sú samvinna er.

Niðurstöður: Ráð var gert fyrir einum fundi þar sem áætlun var samin þó möguleiki væri á fleirum. Börn undir 12 ára tóku yfirleitt ekki þátt í að búa til áætlanir og mæður voru nær undantekningarlaust mikilvægasti samstarfsaðilinn í áætlunargerð.
Lykilorð: barnavernd, barnaverndarstarfsmaður, áætlunargerð, samvinna, úrræði.

**Annarra manna börn. Viðhorf starfsmanna á stofnunum barnaverndaryfirvalda til eigin starfs. (Bryndís S. Guðmundsdóttir, 2010).**
Tegund: Meistararitgerð. Eigindleg rannsóknaraðferð. Fyrirbærafræði. Viðtöl við sjö starfsmenn stofnana barnaverndaryfirvalda með langa starfsreynslu árið 2008.
Markmið: Að öðlast skilning á hvernig þátttakendur skynja hlutverk sitt og starf og hvernig stuðningur þætti gagnlegur í starfi. Áhrif Breiðavíkurumræðunnar á viðhorf þeirra til starfsins.
Niðurstöður: Starfið er ólíkt öðrum störfum, ófyrirsjáanlegur vinnudagur. Mikil nánd við skjólstæðinga og þétt samstarf við starfsmannahópinn. Starfið felur í sér umsjá sem svipar til foreldrahlutverksins, fagleg viðbrögð við óvæntum atburðum og vegna vanda barnanna. Starfið er flókið og krefst þekkingar, reynslu, menntunar og endurmenntunar til að auka líkur á árangri, starfsánægju og faglegu sjálfstrausti. Besti stuðningurinn er talinn vera sá stuðningur sem samstarfsfólk veitir í vinnunni og stuðningur þeirra sem sjálfir hafa reynslu af slíkum störfum.
Lykilorð: barnavernd, starfsfólk á stofnunum barnaverndaryfirvalda, viðhorf, eigið starf.

**Barnaverndarnefndir á Íslandi. Rannsókn á bakgrunni og viðhorfi nefndarmanna ásamt sjónarhorni starfsmanna. (Arndís Tómasdóttir, 2009).**
Tegund: Meistararitgerð. Megindleg rannsókn. Spurningalisti sendur til allra nefndarmanna í barnavernd eða 152 einstaklinga, svarhlutfall 50% og til 30 starfsmanna sem starfa næst nefndunum, svarhlutfall 57%.
Markmið: Að leita upplýsinga um bakgrunn nefndarmanna í barnaverndarnefndum á Íslandi og viðhorfum þeirra á ýmsum málum er varða nefndirnar. Álit starfsmanna barnaverndarnefnda á skipulagi, vinnu og samstarfi við nefndarmenn var einnig skoðað.
Niðurstöður: Nefndarmenn voru almennt vel menntaðir, tilnefndir af stjórnmálaflokkum. Nefndarmenn töldu sig hafa litla þekkingu á barnaverndarlögunum og hluti þeirra hafði aldrei

fengið fræðslu um barnaverndarlögin. Samstarf á milli nefndarmanna og starfsmanna var almennt talið gott. Helmingur starfsmanna nefndanna taldi þó vinnubrögð nefndarmanna vera lök og ákvarðanatökur ómálefnalegar í mörgum tilvikum.
Lykilorð: Barnanefndarmenn, barnaverndarstarfsmenn, álit, samstarf, skipulag.

### 2.3.2 Samantekt

Í þessum kafla er flestar rannsóknir eða samtals 24, þar af 18 meistararitgerðir. Flestar rannsóknanna eru eigindlegar og fjalla um upplifanir, líðan, reynslu og viðhorf barnaverndarstarfsmanna á starf sitt, starfsumhverfi, úrræði barnaverndarnefnda og samstarfi við aðra fagaðila. Verk fræðimanna fjalla um samvinnu innan barnaverndar og rödd barnaverndarstarfsmanna, rannsóknir á samstarfsverkefnunum saman gegn ofbeldi og átak gegn ofbeldi, samstarfi milli barnaverndarstarfsmanna og grunnskóla og umfjöllun á rannsóknarverkefni í Danmörku um breytingu á verklagi barnaverndarnefndar þar.

## 2.4 Rannsóknir á úrræðum í barnavernd

Samkvæmt 4. gr. barnaverndarlaganna „skal beita þeim ráðstöfunum sem ætla má að barni sé fyrir bestu. Hagsmunir barna skulu ávallt hafðir í fyrirrúmi í starfsemi barnaverndaryfirvalda. Í barnaverndarstarfi skal beita þeim ráðstöfunum sem ætla má að barni séu fyrir bestu. Í störfum sínum skulu barnaverndaryfirvöld taka tillit til sjónarmiða og óska barna eftir því sem aldur þeirra og þroski gefur tilefni til. Barnaverndarstarf skal stuðla að stöðugleika í uppvexti barna. Barnaverndaryfirvöld skulu leitast við að eiga góða samvinnu við börn og foreldra sem þau hafa afskipti af og ávallt sýna þeim fyllstu nærgætni og virðingu. Barnaverndaryfirvöld skulu í störfum sínum leitast við að hafa góða samvinnu sín á milli og við aðrar stofnanir sem fjalla um málefni barna. Barnaverndaryfirvöld skulu í störfum sínum og öllum ákvörðunum gæta samræmis og jafnræðis. Barnaverndaryfirvöld skulu eftir föngum gæta þess að almenn úrræði til stuðnings fjölskyldu séu reynd áður en gripið er til annarra úrræða. Þau skulu jafnframt ávallt miða við að beitt sé vægustu ráðstöfunum til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt. Því aðeins skal gert ráð fyrir íþyngjandi ráðstöfunum að lögmæltum markmiðum verði ekki náð með öðru og vægara móti“ (barnaverndarlög nr 80/2002).

### 2.4.1 Yfirlit yfir rannsóknir

Í þessum kafla er fjallað um rannsóknir á úrræðum sem barnaverndarnefndir á Íslandi beita, reynslu og upplifun af því að vera fósturforeldri og fósturbarn og hvernig upplifun barna og foreldra er af ýmsum úrræðum barnaverndarnefndar.

**„Er maður þá að bregðast þessu barni?“ Þjónusta sveitarfélaga fyrir seinfæra foreldra. (Lilja Rós Agnarsdóttir, 2019).**

Tegund: Meistararitgerð. Blönduð rannsóknaraðferð. Tekin voru opin viðtöl við þrjá barnaverndarstarfsmenn og símaviðtöl við 25 stjórnendur barnaverndarnefnda sveitarfélaga.
Markmið: Kanna með hvaða hætti sveitarfélög landsins veita seinfærum foreldrum stuðning og hver reynsla barnaverndarstarfsmanna er af þjónustunni.
Niðurstöður: Þriðjungur sveitarfélaga veitir seinfærum foreldrum ekki þjónustu nema mál þeirra séu unnin sem barnaverndarmál. Margt er vel gert og starfsmenn lýsa áhuga á að veita góða þjónustu.
Lykilorð: Barnavernd, seinfærir foreldrar, þjónusta, úrræði, sveitarfélög, reynsla.

**Fósturbarn eins og kría á steini. Reynsla barna af fóstri og skólagöngu. (Áslaug B. Guttormsdóttir og Guðrún Kristinsdóttir, 2017).**

Tegund: Ritrýnd grein eftir fræðimenn þar sem fjallað er um eigindlega rannsókn barna í fóstri og skólagöngu þeirra. Rætt við fjögur fósturbörn á aldrinum 14 – 16 ára.
Markmið: Varpa ljósi á reynslu fósturbarna af skólagöngu. Kanna hlut samvinnu, þátttöku og valdeflingu í tengslum við barnaverndarnefnda og grunnskóla.
Niðurstöður: Sum barnanna höfðu dvalið á víxl í fóstri og hjá foreldrum. Áföll og tíð skipti um skóla vöktu athygli og beindist að óstöðugleika fóstursins. Hvert barn hafði sótt 4-5 skóla og lent í ýmsum vanda. Reynsla fósturbarnanna af skólagöngu var bæði jákvæð og neikvæð. Samvinna var nokkur á milli skóla og barnaverndarnefndar sveitarfélagsins en samráð við börnin lítið. Þörf er á skýrari markmiðum og að bæta verkferla við skólagöngu. Skólar og barnaverndarnefndir

þurfi stundum að skilgreina betur frumkvæði, tryggja fósturbörnum öryggi og treysta betur námsgengi þeirra.
Lykilorð: Barnavernd, fósturbörn, skólaganga, reynsla.

**Fjölþættur vandi barna. Baráttan um úrræði. (Salbjörg Tinna Isaksen, 2016).**

Tegund: Meistararitgerð. Eigindleg rannsóknaraðferð. Eitt rýniviðtal og fimm eigindleg viðtöl.
Markmið: Skoða málefni barna með fjölþættan vanda út frá sjónarhorni barnaverndarstarfsmanna. Kortleggja hugtakið fjölþættur vandi, greina ákvarðanatökuferlið og skoða samvinnu.
Niðurstöður: Ekki er notuð stöðluð skilgreining á fjölþættum vanda. Vísbendingar um að börn með fjölþættan vanda séu þyngstu mál barnaverndarnefnda. Skortur á viðeigandi úrræðum frá ríki og sveitarfélaga. Ákvarðanatökur reynast oft erfiðar vegna úrræðaleysis og fjárskorts í heilbrigðis- og félagsmálakerfinu. Togstreita á milli stofnana getur myndast.
Lykilorð: Félagsráðgjöf, barnavernd, fjölþættur vandi, ákvarðanaferli, hagnýtt gildi, úrræði, úrræðaskortur.

**Að vera fósturforeldri. Hvernig er undirbúningi og stuðningi við fósturforeldra háttað á Íslandi? (Kristín Ósk Ómarsdóttir, 2016).**

Tegund: Meistararitgerð. Eigindleg rannsókn. Viðtöl við fimm einstaklinga í Félagi fósturforeldra árið 2015 auk tveggja viðtala sem var aflað í undirbúningi rannsóknarinnar.
Markmið: Varpa skýrara ljósi á hlutverk fósturforeldra og hvernig barnaverndaryfirvöld standa að undirbúningi og stuðningi við fósturforeldra.
Niðurstöður: Miðað við þær kröfur sem gerðar eru til fósturforeldra, þá vantar fullnægjandi undirbúning, stuðning og eftirfylgni til þeirra.
Lykilorð: Barnavernd, fósturforeldrar, tengslamyndun, handleiðsla, úrræði.

**Svona gerum við, svona hefur þetta alltaf verið. Sumardvöl í sveit sem úrræði félagsmála- og barnaverndaryfirvalda Reykjavíkurborgar. (Lilja Björk Guðrúnardóttir, 2016).**

Tegund: Meistararitgerð. Eigindleg rannsóknaraðferð. Tekin voru sex einstaklingsviðtöl og tvö rýnihópaviðtöl við fagfólk. Þverfræðileg rannsókn gerð á tímabilinu 2015-2017. Hluti af rannsókninni „Óháður flutningur íslenskra barna á 20. Öldinni“.
Markmið: Fanga upplifun og reynslu fagfólks sem starfaði á vegum félagsmálayfirvalda og barnaverndarnefnda í Reykjavík 1970- 2015 á úrræðinu sumardvöl í sveit. Hvaða þættir lágu til grundvallar um ákvarðanatök.  Gæði úrræðisins eru könnuð sem og verklag fagfólks við ákvarðanatöku.
Niðurstöður: Skilyrði fyrir sumardvöl var tengsl foreldra við félagsmálayfirvöld eða barnaverndarnefnd. Fagfólk treysti á eftirlit í umdæmi dvalarinnar. Fagfólk mátti vera markvissara í að tala við börnin.
Lykilorð: Fóstur, úrræði, barnavernd, upplifun og reynsla fagfólks.

**Vandamál og ekki vandamál það hafa bara allir gott af því. Upplifun og reynsla barna af sumardvöl í sveit. (Margrethe Andreasen, 2015).**
Tegund: Meistararitgerð. Eigindleg rannsóknaraðferð. Viðtöl við níu einstaklinga með reynslu af sumardvöl í sveit árin 1985 – 2005.
Markmið: Skoða upplifun og reynslu einstaklinga sem voru sendir í sveit á vegum félagsþjónustu og barnaverndarnefnd Reykjavíkur á árunum 1985-2005. Tilgangurinn var að lýsa því hvernig börn sem bjuggu við erfiðar aðstæður upplifðu úrræðið „sumardvöl í sveit“.
Niðurstöður: Benda til þess að sumardvöl í sveit sé góð tilbreyting fyrir börn sem búa við erfiðar aðstæður og geti haft góð áhrif á börn ef heimilið býður upp á leiðandi uppeldisaðferðir, umhyggju og stöðugleika. Lítið samráð var við börn um þá ákvörðun að senda þau í sveit. Jafnvel hafi börnin lært að meta aga og vinnusemi af góðum fyrirmyndum.
Lykilorð: Barnavernd, úrræði, sumardvöl, upplifun, reynsla.

**Sumardvöl í sveit. Upplifun og reynsla fólks sem tóku á móti börnum í sveit á árunum 1985 – 2005. (Sara Lind Kristjánsdóttir, 2015).**

Tegund: Meistararitgerð. Eigindleg rannsóknaraðferð. Viðtöl við einstaklinga sem tóku að sér börn í sumardvöl.

Markmið: Skýra frá upplifun og reynslu þeirra sem tóku börn að sér í sumardvöl.

Niðurstöður: Lítið samstarf við barnaverndaryfirvöld í formi áætlanagerða. Lítið samræmi á milli landshluta varðandi leyfi og eftirlit með úrræðinu.

Lykilorð: Barnavernd, úrræði, reynsla, upplifun.

**Farsæld í fóstri. Líðan og velferð fósturbarna. Vilborg Hjörný Ívarsdóttir, 2015).**

Tegund: Meistararitgerð. Afturvirk eigindleg rannsókn. Rætt við fimm ungmenni, 18 – 21 árs, sem voru í fóstri.

Markmið: Að svara því hvað einkenni farsæld í fósturráðstöfun með tilliti til stöðugleika í fósturdvöl fyrir barnið, bæði hvað varðar búsetu og tilfinningatengsl eða ytri og innri stöðugleik.

Niðurstöður: Benda hvorki til þess að langtímadvöl leggi grunn að innri stöðugleika fósturbarnsins né að skammtímadvöl sé vísir að innri óstöðugleika. Gæði samverustunda umfram fjölda. Eftirfylgni barnaverndarnefnda ábótavant.

Lykilorð: Barnavernd, fóstur, úrræði, upplifun, farsæld.

**Áttan - uppeldisráðgjöf barnaverndar Kópavogs. Mat og viðhorf tilvísenda. (Hildur Aðalsteinsdóttir, 2014).**

Tegund: Meistararitgerð. Eigindleg rannsóknaraðferð. Viðtöl við sjö ráðgjafa.

Markmið: Meta þjónustu sem starfsmenn Áttunnar veita og hvernig þjónustan nýtist fjölskyldum sem þangað er vísað. Reynsla og viðhorf fagmanna barnaverndar Kópavogs af úrræðinu kannað.

Niðurstöður: Áttan er uppeldisráðgjöf sem nýttist helst þeim fjölskyldum þar sem hegðunarvandi barna var til staðar. Viðmælendur töldu Áttuna góða viðbót við önnur stuðningsúrræði í Kópavogi en að hún ætti frekar heima hjá félagsþjónustu þar sem mál þar væru ekki alvarleg og margþætt.

Lykilorð: Úrræði, fagálit, áttan, hegðunarvandi, barnavernd Kópavogs.

**Persónulegur ráðgjafi í barnaverndarmálum. Notkun, framkvæmd og markmið. (Kristrún Kristjánsdóttir, 2013).**

Tegund: Meistararitgerð. Innihaldsgreining á málum 24 barna sem fengu persónulegan ráðgjafa í fyrsta sinn árið 2012 á vegum barnaverndar Hafnarfjarðar og barnaverndar Kópavogs.

Markmið: Skoða í hvaða tilvikum úrræðið persónulegur ráðgjafi er notað, hvert markmið og framkvæmd úrræðisins er og árangurinn sem það skilar.

Niðurstöður: Flest börnin í úrtakinu glímdu við erfiðleika, helst félags- og tilfinningaleg. Takmarkað stuðningsnet, fjárhagslegir erfiðleikar. Fjölþættur vandi mæðra barnanna. Markmið úrræðisins var að veita barni félagslegan og tilfinningalegan stuðning, styðja barn til að bæta námsárangur. Úrræðið veitt í 16 – 20 klukkustundir á mánuði í sex til tíu mánuði.

Lykilorð: Barnavernd, Barnaverndarlög, úrræði, persónulegur ráðgjafi, markmið, árangur.

**Trúir þú á fósturráðstöfun sem úrræði? Viðhorf fagaðila til fósturráðstafana barna. (Lilja Dögg Magnúsdóttir, 2013).**

Tegund: Meistararitgerð. Eigindleg rannsóknaraðferð. Viðtöl við sex barnaverndarstarfsmenn í Reykjavík og nágrenni.

Markmið: Varpa ljósi á viðhorf og reynslu fagaðila til fósturráðstafana barna með tilliti til þess laga- og regluverks sem unnið er eftir við meðferð fósturmála. Kanna hvort og þá hvaða breytinga væri þörf á til að bæta starf fagaðila.

Niðurstöður: Reynsla og viðhorf fagaðila til fósturráðstafana barna er að mestu leyti góð. Mikið álag í starfi og telið var að það laga- og regluverk sem fara þarf eftir vera flókið ásamt því að það taki frekar mið af foreldrarétti  en barnarétti. Samræma þarf greiðslur milli sveitarfélaga til fósturforeldra. Efla og þróa þarf frekari rannsóknir.

Lykilorð: barnavernd, barnaverndarstarfsmaður, reynsla, þekking, úrræði, viðhorf.

**Ég myndi vilja sjá miklu meiri stuðning en þann sem hefur verið fyrir hendi. Undirbúningur og stuðningur við fósturforeldra. (Silja Rós Guðjónsdóttir, 2012).**

Tegund: Meistararitgerð. Megindleg og eigindleg rannsókn. Spurningakönnun lögð fyrir meðlimi í Félagi fósturforeldra. 49 þátttakendur svöruðu og lögðu mat á þjónustu sem er þeim til boða.

Markmið: Kanna hvernig staðið er að undirbúningi fyrir fósturforeldra áður en þeir fá barn í fóstur og hvernig stuðning þeir fá á meðan þau eru með barn í fóstri.

Niðurstöður: Meirihluti þátttakenda upplifir sig fá lítinn undirbúning og stuðning, þurfa að leita eftir stuðningi sem er fyrir hendi. Skortur á upplýsingum og fræðslu. Þörf á úrbótum á þjónustu við fósturforeldra.

Lykilorð: Fósturforeldrar, Undirbúningur, Stuðningur, Fósturbörn.

**Þátttaka, aðlögun og virkni fósturbarna í nýjum skóla. Eftir afskipti barnaverndaryfirvalda. (Sigurrós Ragnarsdóttir, 2012).**

Tegund: Meistararitgerð. Hluti af ráðgerðri rannsókn á vegum Rannsóknarstofnunar í barna- og fjölskylduvernd (RBF) um stöðu fósturbarna á Íslandi. Byggð á megindlegri aðferð. Skólastjórnendum var send netútgáfa af spurningalista í október 2012. 81 skólastjórnendur svöruðu eða 46.3%.

Markmið: Kanna hvernig skólastjórnendur mátu aðlögun, þátttöku og virkni fósturbarna á vegum barnaverndaryfirvalda við komu í nýjan skóla.

Niðurstöður: 70% skólastjórnenda mátu að börnin ættu í námserfiðleikum. 2/3 skólastjórnenda mátu að börnin ættu við geðræna erfiðleika að stríða. Skortur á upplýsingum um fósturbörn. Samstarfi ábótavant við barnaverndarnefndir en samstarf við fósturforeldra gott. Bæta þarf framkvæmd, verklag og upplýsingaflæði milli skóla og barnaverndarnefnda.

Lykilorð: Fóstur, barnavernd, skóli, þátttaka, samstarf, úrræði.

**Stuðningsfjölskyldur í Reykjavík. Umfang, markmið, framkvæmd og málalok. (Anna Ingibjörg Opp, 2012).**

Tegund: Meistararitgerð. Eigindleg innihaldsgreining. Gögn úr málaskrá Barnaverndar Reykjavíkur og þjónustumiðstöðva Reykjavíkur. 36 mál barna sem fengu stuðningsfjölskyldu árið 2008.

Markmið: Afla þekkingar á umfangi, markmiðum, framkvæmd og málalokum úrræða stuðningsfjölskylda. Afla bakgrunnsupplýsinga um börn og foreldra þeirra.

Niðurstöður: Börn sem fengu stuðningsfjölskyldu komu úr fjölskyldum með félagslega erfiðleika og lítið stuðningsnet. Flest börn bjuggu hjá einstæðri móður. Mikið vantaði upp á skráningu mála sem hefur áhrif á áreiðanleika.

Lykilorð: Stuðningsfjölskylda, barnavernd, félagsþjónusta, úrræði, félagslegir erfiðleikar, börn, fjölskylda.

**Stuðningsúrræðið tilsjón í barnaverndarmálum. (María Gunnarsdóttir og Anni G. Haugen, 2012).**

Tegund: Grein byggð á eigindlegri rannsókn þar sem viðtöl við fjóra félagsráðgjafa og tvær fjölskyldur auk spurningalista til félagsráðgjafa um fjölskyldur sem notuðu tilsjón árið 2009. Tvær barnaverndarnefndir tóku þátt í rannsókninni.

Markmið: Skoða hvenær tilsjón er beitt í barnaverndarmálum, uppbyggingu tilsjónar, hver reynslan var af úrræðinu og vinnuaðferðir félagsráðgjafa.

Niðurstöður. Tilsjón er helst beitt vegna vanrækslu varðandi umsjón og eftirlit og tilfinningalega vanrækslu. Markmið er að veita uppeldislega ráðgjöf, skipulagning daglegs lífs og stuðning við móður. Helsti kostur, einstaklingsmiðað og þjónusta veitt heima, helstu ókostir; lítil verkstjórn og eftirlit, óskýrir verkferlar.

Lykilorð: Úrræði, barnavernd, vanræksla, kostir og ókostir úrræðis, stuðningur.

**Einkakennari í uppeldi: Úrræði sem bætir uppeldisfærni foreldra sem njóta þjónustu barnaverndarnefndar. (Gylfi Jón Gylfason, Zuilma Gabriela Sigurðardóttir, Sigurgrímur Skúlason, Berglind Dögg Bragadóttir, Rannveig Einarsdóttir, Ragnheiður Sif Gunnarsdóttir og Haukur Ingi Guðnason, 2009).**

Tegund: Fræðigrein. A-B-A rannsóknarsnið með þriggja mánaða eftirfylgd. Hentugleikaaðferð. Sérhannað skráningarblað notað til að mæla fylgibreytu með beinu áhorfi. Sex fjölskyldur sem notið höfðu þjónustu barnaverndarnefnda í að minnsta kosti eitt ár tóku þátt í rannsókninni.
Markmið: Kanna hvort fjölskyldur sem nutu þjónustu barnaverndarnefnda tileinkuðu sér uppeldisaðferðir, sem kenndar voru á námskeiðinu SOS! Hjálp fyrir foreldra, ef þjálfun færi jafnframt fram á heimilum þeirra. Kanna hvort úrræðið bæti uppeldisfærni foreldranna.
Niðurstöður: Tilgátan stóðst, réttum uppeldisviðbrögðum foreldra fjölgaði eftir íhlutun barnaverndarnefnda og hélst þremur mánuðum eftir að námskeiði lauk. Árangur var metinn með beinu áhorfi einkakennara sem komu í heimsókn til þátttakenda tvisvar í viku og hjálpuðu fjölskyldum að tileinka sér aðferðir sem notaðar voru á námskeiðinu SOS! Hjálp fyrir foreldra.
Lykilorð: Foreldrafærni, barnavernd, úrræði, uppeldi.

**Ofbeldi í nánum samböndum. Orsakir · afleiðingar · úrræði. Ingólfur V. Gíslason, 2008. Rafræn bók.**

Tegund: Bók fræðimanns á einkennum ofbeldis. Staða á þekkingu (literature review). Innihaldsgreining á fyrirliggjandi opinberum gögnum, rannsóknum og skýrslum.
Markmið: Kanna hver einkenni ofbeldis eru. Reynt að finna þætti sem gæru dregið úr ofbeldi. Læra að þekkja einkennin svo þolandi fái fyrr aðstoð.
Niðurstöður: Konur helst þolendur. Sagt frá einkennum gerenda, skilgreiningar á ýmsum þáttum, almennt ofbeldislíkan, þróun og staðan í dag.
Lykilorð: Barnavernd, ofbeldi, heimilisofbeldi, börn, úrræði, afleiðingar.

**Beiting úrræða í barnaverndarmálum, mörkin milli stuðnings og þvingunar og ákvörðunarferlið. (Anni G. Haugen, 2004).**

Tegund: Hlutur Íslands í norrænni samanburðarrannsókn. Byggist upp á fimm tilbúnum málum sem barnaverndarstarfsmenn á fimm stöðum á landinu fjölluðu um. Einnig var rætt við formenn barnaverndarnefndanna fimm um skipulag starfsins og ákvörðunarferlið.
Markmið: Að skoða og fá skýrari mynd af því hvað það er sem ræður því að starfsmenn leggja áherslu á að styðja barna áfram hjá foreldrum sínum eða leggja til að barnið fari að heiman. Skoða og bera saman þau kerfi sem taka endanlega ákvörðun í barnaverndarmálum.
Niðurstöður: Ólíkt skipulag og verklag barnaverndarmála milli sveitarfélaga. Mismunandi mat starfsmanna á þörf fyrir vistun en áhersla á samvinnu við foreldra og er áhersla lögð á vanda foreldranna. Viðmælendur höfðu trú á úrræðum barnaverndar og áhersla er lögð á að börnin fari af heimilinu þegar vandinn vex eða er orðinn langvarandi. Lítið var rætt við yngri börn en leitað er eftir óskum og skoðunum unglings.
Lykilorð: Barnavernd, beiting úrræða, ákvörðunarferli, mörk á milli stuðnings og þvingunar.

### 2.4.2 Samantekt

Hér hafa verið kynntar 18 rannsóknir, þar af 13 meistararitgerðir, og fjalla þær um úrræði á vegum barnaverndarnefnda. Hér eru um að ræða rannsóknir sem m.a. fjalla um börn börn með fjölþættan vanda og seinfæra foreldra. Börn sem fara í fóstur, mat starfsmanna á þörfum barna til vistunar utan heimilis, viðhorf skólastjórnenda til fósturbarna og viðhorfum barna í fóstri til. Þá er fjallað um önnur úrræði barnaverndarnefnda eins og persónulegan ráðgjafa og tilsjón fyrir börn, Áttuna sem er uppeldisráðgjöf á vegum barnaverndar Kópavogs, stuðningsúrræðið SOS og úrræðið að senda börn í sumardvöl í sveit. Þessar rannsóknir voru gerðar á árunum 2004 – 2019.

## 2.5. Rannsóknir um líðan og upplifun á afskiptum barnaverndarnefnda

Við könnun máls þarf að afla sem gleggstra upplýsinga um hagi barns, svo sem andlegt og líkamlegt ásigkomulag, tengsl við foreldra eða aðra, hagi foreldra, aðbúnað barns á heimili, skólagöngu, hegðun og líðan þess. Leita skal aðstoðar sérfræðinga eftir því sem þörf krefur.

Hver barnaverndarnefnd metur gæði og árangur vistúrræða á vegum hennar. Barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni í vistun eða fóstur skal fylgjast náið með aðbúnaði og líðan barnsins og því að ráðstöfun nái tilgangi sínum. Barnaverndarnefnd skal leitast við að vera í reglubundnu sambandi við barn sem vistað er utan heimilis og gefa barni kost á að tjá sig um aðbúnað og líðan sína í samræmi við aldur og þroska (barnaverndarlög nr. 80/2002).

### 2.5.1 Yfirlit yfir rannsóknir

Í þessum kafla er fjallað um rannsóknir  um upplifun og líðan þeirra sem hafa verið í samskiptum við barnaverndarnefndir.

**„Ég var bara svo týndur“. Upplifun af verndandi þáttum og nánum tengslum í æsku. (Ellen Svava Guðlaugsdóttir, 2020).**

Tegund: Meistararitgerð. Eigindleg rannsókn. Viðtöl við fimm einstaklinga.

Markmið: Varpa ljósi á afleiðingar þess að búa við misbrest í uppeldi og öðlast dýpri skilning á upplifun viðmælenda af tengslamyndun og hvaða hlutverki verndandi þættir gegndu í uppvexti þeirra. Reynt að svara hver upplifun af styrkleikum og verndandi þáttum hjá einstaklingi og hvaða hlutverki gegnir tengslamyndun.

Niðurstöður: Tengslamyndun í bernsku hefur áhrif á getu viðmælenda til að nýta sér verndarþætti í bernsku. Tengslamyndun og verndarþættir hafa áhrif á hve miklar afleiðingar verða af því að búa við misbrest í uppeldi. Auka þarf frekar þátttöku barna í eigin málum hjá barnavernd.

Lykilorð: barnavernd, verndarþættir, vanræksla, ofbeldi, úrræði, upplifun.

**Sálrænn og félagslegur stuðningur við kvótaflóttafólk á Íslandi 2005-2017 á vegum Reykjavíkurborgar: 2005 og 2007 árgangar. (Elín Áslaug Ormslev, 2017).**

Tegund: Meistararitgerð. Megindleg, gögn úr málaskrá. Spurningakönnun send á starfsmenn Velferðarsviðs til að skýra hvernig stuðningur nýtist kvótafólki.

Markmið: Var að kortleggja sálrænan og félagslegan stuðning sem flóttafólki var veittur. Kvótaflóttafólk komu frá Kólumbíu.

Niðurstöður: Tæpur helmingur fór í sálfræðiviðtöl innan 2 ára, Vandi var þunglyndi, kvíði og samskiptavandi. Úrræði komu frá barnavernd. Tilsjón og stuðningur heim og persónulegur ráðgjafi til barna.
Lykilorð: Barnavernd, flóttafólk, fólk af erlendu bergi, tilkynningar, úrræði, stuðningur, sálfræði.

**Ungt fólk sem Barnavernd Kópavogs hafði afskipti af á unglingsárum. Félagsleg staða, stuðningur og viðhorf til afskipta. (Guðbjörg Gréta Steinsdóttir, 2012).**
Tegund: Meistararitgerð. Margprófunarsnið á 177 innihaldsgreindum málum. 78 spurningalistar sendir á fyrrum notendur barnaverndar Kópavogs. Svarhlutfall 68%.
Markmið: kanna félagslega stöðu ungs fólks sem Barnavernd Kópavogs hafði afskipti af á unglingsárum og viðhorf þeirra til afskiptanna.
Niðurstöður: Félagsleg staða frábrugðin því sem almennt er, minni atvinnuþátttaka og þau fá bætur og fjárhagsaðstoð umfram annað fólk. Þau upplifa mikinn stuðning og þá helst frá fjölskyldu. Viðhorf til barnavernd Kópavogs bæði jákvætt og neikvætt. Traust og trúnaður, virðing og hlustun mikilvæg sem undirstaða samvinnu.
Lykilorð: Barnavernd; Ungt fólk; Félagsleg staða; Stuðningur; Viðhorf; Úrræði.

**Stuðningur við ungmenni sem voru skjólstæðingar Barnaverndar Kópavogs. Hvar á ég heima; hver hlustar á mig? (Ragnheiður Björg Guðmundsdóttir, 2012).**
Tegund: Meistararitgerð. Eigindleg rýnihóprannsókn. Átta ungmenni, skjólstæðingar barnaverndar Kópavogs 1994 – 2010.
Markmið: Að heyra hverjar upplifanir átta ungmenna voru á stuðningi sem þeim var veittur.
Niðurstöður: Jákvæðar upplifanir tengdust samráði og trausti en neikvæðar tengdust þvingun, valdbeitingu, vantrausti og óöryggi.
Lykilorð: Barnavernd, ungmenni, úrræði, stuðningur, viðhorf, upplifun, traust.

**Dvöl barna í Kvennaathvarfinu Starfsemi Kvennaathvarfsins með tilliti til barna, upplifun barna á dvöl sinni og óskir mæðra um þjónustu þeim til handa. (Bergdís Ýr Guðmundsdóttir, 2011).**

Tegund: Meistararitgerð. Við rannsóknina var megindlegum og eigindlegum rannsóknaraðferðum beitt. Spurningakönnun var lögð fyrir 11 mæður sem hafa dvalið í Kvennaathvarfinu með börn sín og tekin voru viðtöl við fimm starfskonur Kvennaathvarfsins og þrjú börn sem hafa dvalið þar með mæðrum sínum. Þátttakendur voru alls 19 talsins.

Markmið: Auka þekkingu á málefnum barna sem verða vitni að ofbeldi og hafa dvalið í Kvennaathvarfinu. Upplifun barna á dvölinni, óskir mæðra um þjónustu og hvernig unnið er með börnunum í athvarfinu.

Niðurstöður: Lítil sem engin þjónusta veitt börnunum, þörf á skipulagðri þjónustu fyrir börnin, Samstarf ábótavant við aðrar stofnanir.

Lykilorð: Barnavernd, heimilisofbeldi, kvennaathvarf, þjónusta, börn, upplifun barna

**Hegðun, líðan og félagslegar aðstæður 11-18 ára barna innan barnaverndar á Íslandi Sjónarhorn barna, foreldra, kennara og starfsmanna barnaverndar. (Halldór Sigurður Guðmundsson, 2005).**

Tegund: Fræðigrein. Fjallað um niðurstöður megindlegrar rannsóknar. Slembiúrtak úr málaskrá opinna mála hjá barnaverndarnefndum í 10 umdæmum. Upplýsingar varðandi 48 börn bárust frá foreldrum, kennurum, börnunum sjálfum og starfsfólki barnaverndarnefnda.

Markmið: Að kanna hver líðan og hegðun 11 til 18 ára barna innan barnaverndar á Íslandi er. Leitað var eftir samræmdu mati foreldra, kennara, starfsfólks barnaverndar og barnsins á stöðu þess.

Niðurstöður. Heildarvandkvæði, félagsleg færni og námsleg staða barnanna mælast á klínískum mörkum. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að 11-18 ára börn innan barnaverndar mælast með þrisvar til fjórum sinnum meiri vandkvæði en íslensk börn almennt og álíka mikil og börn sem leita aðstoðar innan geðheilbrigðiskerfisins. Samanburður við úrtak barna innan barnaverndar í Noregi og við klínískt úrtak í Bandaríkjunum sýnir að íslensku börnin eiga við álíka mikinn vanda að etja og þarlend börn. Niðurstöður benda til mikilvægis notkunar staðlaðs matstækis á

vandkvæðum barna innan barnaverndar og gefa tilefni til umræðu og frekari rannsókna á sviði barnaverndar á Íslandi.

Lykilorð: Barnavernd, hegðun, líðan, foreldrar, kennarar, barnaverndarstarfsmenn, mælingar, ASEBA, samanburður.

### 2.5.2 Samantekt

Hér hafa verið kynntar 6 rannsóknir, þar af 5 meistararitgerðir, og  fjalla þær um upplifun og líðan þeirra sem hafa verið í samskiptum við barnaverndarnefndir og ein rannsókn fjallar um dvöl barna í Kvennaathvarfinu. Rannsóknirnar eru gerðar á tímabilinu 2005-2020.

## 3. Lokaorð

Hér hefur verið kynnt 81 rannsókn sem fjalla um málefni tengd barnavernd á Íslandi. Af þessum rannsóknum er 61 meistararitgerð. Rannsóknunum var skipt í fimm flokka. Flestar rannsóknir féllu undir flokkinn um rannsóknir á reynslu, viðhorfi og samstarfi starfsfólks í barnavernd eða 24 rannsóknir, en fæstar eða 6 rannsóknir fjölluðu um líðan og upplifun á afskiptum barnaverndarnefnda. Rannsóknirnar sem hér hefur verið fjallað um voru gerðar á tímabilinu 2004 – 2020.

Ljóst er að umfjöllunin hér að framan um rannsóknir í barnavernd á Íslandi er ekki tæmandi. Athyglisvert þótti rannsakanda hversu margar meistararitgerðir tengdar barnavernd eru lokaðar og því er umfjöllun um þær ekki með hér. Þá komst rannsakandi að því að leit að meistararitgerðum á Skemman.is var tímafrek því ekki er unnt að leita á skemmunni eftir einungis meistararitgerðum um tiltekið efni því bakkalár, meistara- og doktorsritgerðir koma upp við leit. Jafnframt þurfti að opna hverja ritgerð til að sjá hvers konar ritgerð var um að ræða. Kom rannsakanda einnig á óvart hversu tímafrekt er að leita á sumum síðum og að almennar leitaraðferðir virkuðu oft ekki.

Í þessari vinnu hefur komið í ljós að upplýsingar um rannsóknir í barnavernd mættu vera aðgengilegri fyrir þá sem vilja kynna sér málefnið. Þessi samantekt á rannsóknum í barnavernd á Íslandi er ekki tæmandi og því væri æskilegt að þessari vinnu væri haldið áfram. Má segja að hér sé kominn góður grunnur til að byggja frekar á.

## 4. Heimildir


Anna Eygló Karlsdóttir. *„Í þessum hraða er ekki í mannlegu valdi að hafa allt hundrað prosent". Starfsaðstæður barnaverndarstarfsmanna.* Sótt 12. júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/29893

Anna Ingibjörg Opp. 2012. *Stuðningsfjölskyldur í Reykjavík. Umfang, markmið, framkvæmd og málalok*. Sótt 16. júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/10428

Anna María Káradóttir. (2011). *Afbrot barna. Samspil barnaverndar- og refsivörslukerfisins.* Sótt 6. júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/7156

Anni G. Haugen. (2004). *Beiting úrræða í barnaverndarmálum, mörkin milli stuðnings og þvingunar og ákvörðunarferlið. Hlutur Íslands í norrænni samanburðarrannsókn* Barnaverndarstofa ritröð 1.

Anni G. Haugen. (2008). Barnaverndarstarfsmenn, kröfur og menntun. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstj.). *Rannsóknir í félagsvísindum IX: félagsvísindadeild* (357-367). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Anni G. Haugen. (2009). *Rannsókn á ofbeldi gegn konum. Viðbrögð félagsþjónustu og barnaverndar* http://hdl.handle.net/1946/10763

Anni G. Haugen (2011). Þátttaka barna og foreldra við gerð áætlana um meðferð máls í barnaverndarmálum. Í Halldór S. Guðmundsson (ritsjóri). *Rannsóknir í félagsvísindum XII. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2011*. Þjóðarspegillinn, 11, 1-8.

Anný Rós Ævarsdóttir. (2018). *Þátttaka barna í viðtölum hjá barnavernd. Réttindi og stefna.*

Sótt 29. Júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/32000

Arndís Tómasdóttir. (2009). *Barnaverndarnefndir á Íslandi. Rannsókn á bakgrunni og viðhorfi nefndarmanna ásamt sjónarhorni starfsmanna.* Sótt 12. júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/4447

Ása Margrét Helgadóttir. (2014). *Börn vímuefnaneytenda: Barnaverndartilkynningar í Reykjanesbæ.* Sótt 7. júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/20069

Áslaug B. Guttormsdóttir og Guðrún Kristinsdóttir. 2017. *Fósturbarn eins og kría á steini. Reynsla barna af fóstri og skólagöngu.* Ritrýnd grein birt 17. október 2017 Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun Menntavísindasvið Háskóli Íslands.

Áslaug Heiða Gunnarsdóttir. (2010). *Tilkynningarskylda samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002.* Sótt 6. júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/7475

Barnaverndarlög nr. 80/2002

Barnaverndarstofa. (2020). *Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda og fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu árin 2017, 2018 og 2019.* Sótt 22.09.2020 af http://www.bvs.is/barnaverndastofa/tolulegar-upplysingar/skyrslur-2019/

Bára Brynjólfsdóttir. (2013). *Meðferð mála er varða kynferðisbrot gegn börnum á aldrinum 15-18 ára í barnaverndar- og réttarvörslukerfinu.* Sótt 12. júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/15655

Bergdís Ýr Guðmundsdóttir. (2011). *Dvöl barna í Kvennaathvarfinu. Starfsemi Kvennaathvarfsins með tilliti til barna, upplifun barna á dvöl sinni og óskir mæðra um þjónustu þeim til handa.* Sótt 14. júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/10388

Bryndís S. Guðmundsdóttir. (2010). *Annarra manna börn. Viðhorf starfsmanna á stofnunum barnaverndaryfirvalda til eigin starfs.* Sótt 6. júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/6686

Dagný Baldursdóttir. (2017). *Tilkynningar sem fóru í könnun árin 2012 – 2016 hjá Barnavernd Reykjavíkur.* Sótt 29. júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/29231

Dögg Þrastardóttir. (2013). *„Þegar upp er staðið þá er aldrei nógu mikið af því". Samstarf barnaverndarstarfsmanna við starfsfólk grunnskóla.* Sótt 8. júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/16966

Elín Áslaug Ormslev. (2017). *Sálrænn og félagslegur stuðningur við kvótaflóttafólk á Íslandi 2005-2017 á vegum Reykjavíkurborgar: 2005 og 2007 árgangar*. Sótt 9. júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/27719

Elísa Óðinsdóttir. (2016). *Afdrif foreldra sem hafa verið tilkynntir til barnaverndar vegna vímuefnaneyslu.* Sótt 6. júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/26411

Ellen Svava Guðlaugsdóttir. (2020). *„Ég var bara svo týndur". Upplifun af verndandi þáttum og nánum tengslum í æsku*. Sótt 12. júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/35522

Fanney Finnsdóttir. (2011). *Samspil meðalhófsreglunnar og meginreglunnar um hagsmuni barnsins við framkvæmd barnaverndarlaga nr. 80/2002.* Sótt 12. júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/9294

Gerður Sif Stefánsdóttir. (2012). *Samstarf barnaverndarnefnda og grunnskóla. Sjónarhorn skólastjórnenda*. Sótt 12. júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/10381

Guðbjörg Gréta Steinsdóttir. (2012). *Ungt fólk sem Barnavernd Kópavogs hafði afskipti af á unglingsárum. Félagsleg staða, stuðningur og viðhorf til afskipta.* Sótt 9. júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/10365

Guðrún Jónsdóttir. (2011). Sýnileiki barnsins í barnaverndarmálum fyrir dómstólum á Íslandi 2002–2009. Tímarit félagsráðgjafa 1.tbl. 5. árg.

Guðrún Kristinsdóttir, Margrét Ólafsdóttir og Ingibjörg H. Harðardóttir. (2014). Frásagnir barna og mæðra af ofbeldi á heimili. Í Guðrún Kristinsdóttir (ritstjóri), Ofbeldi á heimili með augum barna (bls. 89-168). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Guðrún Kristinsdóttir, Freydís J. Freysteinsdóttir, Guðrún Frímannsdóttir, Gunnar M. Sandholt, Hrefna Friðriksdóttir og Ólöf Finnsdóttir. (2004). Í Guðrún Kristinsdóttir (ritstjóri). *Barnaverndarmál. Skilgreining hugtaksins og samanburður við nágrannalönd*. Reykjavík: Félagsþjónustan í Reykjavík.

Guðrún Pétursdóttir. (2015).*"Það er á öllu litrófinu". Samvinna félagsráðgjafa í barnavernd við lögmenn.* Sótt 12. júní 2020 http://hdl.handle.net/1946/23312

Gylfi Jón Gylfason, Zuilma Gabriela Sigurðardóttir, Sigurgrímur Skúlason, Berglind Dögg Bragadóttir, Rannveig Einarsdóttir, Ragnheiður Sif Gunnarsdóttir og Haukur Ingi Guðnason. (2009). Einkakennari í uppeldi: Úrræði sem bætir uppeldisfærni foreldra sem njóta þjónustu barnaverndarnefndar*. Sálfræðiritið – Tímarit Sálfræðingafélags Íslands. 14. árg.* bls 93-101*.*

Halla Dröfn Jónsdóttir. (2014). *Stuðningsúrræði starfsmanna barnaverndar. „Þetta er í raun bara það sem hefur alltaf verið gert".* Sótt 13. júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/20072

Halldór Sigurður Guðmundsson. (2007). Hegðun, líðan og félagslegar aðstæður 11-18 ára barna innan barnaverndar á Íslandi. Sjónarhorn barna, foreldra, kennara og starfsmanna barnaverndar. *Tímarit félagsráðgjafa, 2. árgangur,* 25-36.

Halldór Sig. Guðmundsson. (2009). *Fjölgun barnaverndartilkynninga 2005 -2009.* Sótt 7. júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/10726

Helga Einarsdóttir. (2017). *„Sérsniðin úrræði út frá þörfum barns". Viðhorf barnaverndarstarfsmanna til meðferðarúrræða Barnaverndarstofu.* Sótt 19. júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/29009

Hildur Aðalsteinsdóttir. (2014). *Áttan - uppeldisráðgjöf barnaverndar Kópavogs. Mat og viðhorf tilvísenda.* Sótt 12. júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/20080

Hrefna Friðriksdóttir og Anni G. Haugen. (2017). Child Friendly Justice: International Obligations and the Challenges of Interagency Collaboration. í Susanna Johansson, Kari Stefansen, Elisiv Bakketeig and Anna Kaldal (ritstjórar). *Collaborating against child abuse. Exploring the nordic barnahus model* (bls. 187-206). Sviss. Springer International Publishing AG.

Hrefna Friðriksdóttir og Hafdís Gísladóttir. (2015). *Skipan talsmanns fyrir börn – grundvöllur ákvörðunar og framkvæmd.* Reykjavík: Stjórnmál & stjórnsýsla. DOI: http://dx.doi.org/10.13177/irpa.a.2015.11.2.10

Inga Dóra Jónsdóttir. (2015). *Stuðningsúrræði barnaverndar. Áhrifaþættir ákvarðanatöku starfsmanna, virkni og mat.* Sótt 6. júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/23341

Inga Jara Jónsdóttir. (2018). *„Vinnan er mjög mikilvæg í lífinu manns en hún á ekki að vera það sem að á þig". Viðhorf barnaverndarstarfsmanna á Íslandi til styttingar vinnuvikunnar.* Sótt 12. júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/31801

Ingibjörg Gunnlaugsdóttir. (2009). *Mörkin milli vægari úrræða og þvingunarúrræða samkvæmt barnaverndarlögum*. Sótt 12. júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/3579

Ingólfur V. Gíslason. (2008). *Ofbeldi í nánum samböndum: Orsakir, afleiðingar, úrræði.* Reykjavík: Félags- og tryggingamálaráðuneytið.

Ingólfur V. Gíslason. (2010). *Rannsókn á ofbeldi gegn konum: Lögreglan*. Háskóli Íslands, Reykjavík. Sótt 23. Júní 2020 af

Ingveldur Eyþórsdóttir. 2013. *Barnavernd í fámennum sveitarfélögum. Mörkin á milli persónulegs og faglegs lífs starfsmanna í barnavernd.* Sótt 9. september 2020 af http://hdl.handle.net/1946/16975

Íris Erlingsdóttir. (2010). *Framkvæmd vistunar barna utan heimilis á árunum 1992 – 2010. Málsmeðferðarreglur.* Sótt 6. júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/6970

Katrín Ósk Guðmundsdóttir Busk. (2016). *Samband barnaverndarnefnda og starfsmanna þeirra.* Sótt 19. júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/24330

Kolbrún Ögmundsdóttir. (2015). *Viðhorf feðra til þátttöku þeirra í vinnslu barnaverndarmála.* Sótt 6. júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/21224

Kristín Anna Hjálmarsdóttir, Guðbjört Guðjónsdóttir, Kristín I. Pálsdóttir og Erla Hlín Hjálmarsdóttir. (2017). *Átak gegn heimilisofbeldi. Úttekt á samstarfsverkefni sveitarfélaganna Kópavogs, Hafnarfjarðar og Garðabæjar og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu gegn heimilisofbeldi. RIKK*.

Kristín Ósk Ómarsdóttir. (2016). *Að vera fósturforeldri. Hvernig er undirbúningi og stuðningi við fósturforeldra háttað á Íslandi?* Sótt 19. júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/25971

Kristrún Kristjánsdóttir. (2013). *Persónulegur ráðgjafi í barnaverndarmálum. Notkun, framkvæmd og markmið*. Sótt 12. júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/17222

Kristný Steingrímsdóttir. (2012). *Skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd. Mat á flokkun tilkynninga hjá Barnavernd Reykjavíkur.* Sótt 12. júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/10360

Lilja Björk Guðrúnardóttir. (2016). *Svona gerum við, svona hefur þetta alltaf verið. Sumardvöl í sveit sem úrræði félagsmála- og barnaverndaryfirvalda Reykjavíkurborgar.* Sótt 19. júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/26394

Lilja Dögg Magnúsdóttir. (2013). *Trúir þú á fósturráðstöfun sem úrræði? Viðhorf fagaðila til fósturráðstafana barna.* Sótt 8. júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/16968

Lilja Rós Agnarsdóttir. (2019). *„Er maður þá að bregðast þessu barni?“ Þjónusta sveitarfélaga fyrir seinfæra foreldra*. Sótt 9. júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/32504

Linda Hrönn Þórisdóttir. (2015). *„Uppeldi er stórmálið stærsta“: reynsla leikskólastjóra af tilkynningum til barnaverndar*. Sótt 12. júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/23015

Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013

Margrethe Andreasen. (2015). *Vandamál og ekki vandamál það hafa bara allir gott af því. Upplifun og reynsla barna af sumardvöl í sveit.* Sótt 6. júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/23357

Margrét Þórarinsdóttir. (2012). *Tilsjón, tilgangur og markmið í barnaverndarstarfi.* Sótt 13. júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/10359

María Bjarnadóttir. (2017). *„Þessar bakvaktir eru svo algjörlega óútreiknanlegar“. Bakvaktir félagsráðgjafa hjá barnaverndarnefndum á Íslandi.* Sótt 19. júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/29247

María Gunnarsdóttir og Anni G. Haugen. (2012). Stuðningsúrræðið tilsjón í barnaverndarmálum. *Tímarit Félagsráðgjafa 1. tbl. 6. árg.* bls. 13 – 19.

Nadía Borisdóttir. (2016). *Starf félagsráðgjafa í barnavernd með fjölskyldum af erlendum uppruna.* Sótt 7. júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/26389

Ólafía Helgadóttir. (2014). *"Ég held hún gæti verið betri" Samvinna barnaverndaryfirvalda og ungbarnaverndar.* Sótt 8. júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/20083

Ragnheiður Björg Guðmundsdóttir. (2012). *Stuðningur við ungmenni sem voru skjólstæðingar Barnaverndar Kópavogs. Hvar á ég heima; hver hlustar á mig?* Sótt 14. júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/10469

Rahel More. (2015). *Vanmetnar fjölskyldur. Mat á hæfni seinfærra foreldra*. Sótt 12. júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/20894

Salbjörg Tinna Isaksen. (2016). *Fjölþættur vandi barna. Baráttan um úrræði.* Sótt 12. júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/26391

Sara Lind Kristjánsdóttir. (2015). *Sumardvöl í sveit. Upplifun og reynsla fólks sem tóku á móti börnum í sveit á árunum 1985 – 2005.* Sótt 12. júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/23414

Sigrún Jana Finnbogadóttir. (2010). *Upphaf barnaverndarmáls.* Sótt 6. júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/4950

Sigrún Finnsdóttir. (2012). *„Það þarf að hugsa um hver er hagur barnsins". Viðtalsrannsókn við sex leikskólastjóra um reynslu þeirra af tilkynningum til barnaverndar.* Sótt 8. júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/13100

Sigrún Inga Guðnadóttir. (2010). *Vernd barna gegn ofbeldi - Þjóðréttarlegar skyldur íslenska ríkisins.* Sótt 8. júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/6978

Sigrún Yrja Klörudóttir. (2013). *„Barnaverndin horfir alltaf fyrst til fjölskyldunnar sem mögulegs baklands". Um aðild fjölskyldna að barnaverndarmálum*. Sótt 8.júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/16972

Sigurrós Ragnarsdóttir. (2012). *Þátttaka, aðlögun og virkni fósturbarna í nýjum skóla. Eftir afskipti barnaverndaryfirvalda.* Sótt 12. júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/13566

Silja Rós Guðjónsdóttir. (2012). *„Ég myndi vilja sjá miklu meiri stuðning en þann sem hefur verið fyrir hendi". Undirbúningur og stuðningur við fósturforeldra.* Sótt 8. júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/13507

Sonja Marsibil Þorvaldsdóttir. (2010). *Hvernig bregst samfélagið lagalega við kynferðisbrotum gegn börnum?* Sótt 12. júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/4951

Steinunn Hrafnsdóttir og Drífa Andrésardóttir. (2015). Börn vímuefnaneytenda: Barnaverndartilkynningar í Hafnarfirði. *Tímarit félagsráðgjafa 1.tbl. 9. árg.* bls. 25- 31.

Thelma Hrund Guðjónsdóttir. (2016). *Forsjársviptingar í barnaverndarmálum. Með hagsmuni barns að leiðarljósi.* Sótt 26. júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/26388

Vaka Hafþórsdóttir. (2015). *Í upphafi skyldi endinn skoða. Heimildir og skyldur barnaverndarnefnda til afskipta af ófæddum börnum á grundvelli barnaverndarlaga nr. 80/2002*. Sótt 23. júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/20928

Valgerður Rún Haraldsdóttir. (2016). *Vinnuálag í barnavernd. Mæling á vinnu barnaverndarstarfsmanna.* Sótt 12. júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/26409

Vigdís Guðmundsdóttir. (2010). *Að bera kennsl á kynferðisofbeldi hjá börnum á leikskólaaldri. Hvernig taka leikskólastjórar á málefninu í starfi*? Sótt 7. júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/5800

Vilborg Hjörný Ívarsdóttir. (2015). *Farsæld í fóstri. Líðan og velferð fósturbarna.* Sótt 19. júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/23071

Ægir Örn Sigurgeirsson. (2019). *MPM – Master of Project Management. Eru verkfæri verkefnastjórnunar lykill að breyttum vinnubrögðum innan félagsþjónustu og barnaverndar til að ná fram skilvirkari vinnu og minnka álag?* Sótt 20. júní 2020 af http://hdl.handle.net/1946/33609

Þóra Árnadóttir. (2013). *Barnaverndartilkynningar sem fela í sér líkamlegt ofbeldi gagnvart börnum og ofbeldi sem börn verða vitni að. Sótt 12. júní 2020 af* http://hdl.handle.net/1946/16929